



# Ársskýrsla Ríkisendurskoðunar 2017

Maí 2018

# Efnisyfirlit

Formáli ríkisendurskoðanda.....	3
Staða, hlutverk og stefna .....	6
Almennt um starfsemi og rekstur árið 2017 .....	9
Skipulag starfseminnar .....	9
Skipting vinnuframlags milli sviða .....	10
Skipting vinnuframlags milli ráðuneyta .....	10
Tekjur og gjöld .....	11
Mannauður .....	12
Samskipti við nefndir Alþingis .....	14
Útgáfa og upplýsingamiðlun .....	15
Alþjóðleg samskipti .....	16
Fjárhagsendurskoðun.....	18
Vinnuferli fjárhagsendurskoðunar.....	18
Endurskoðun fjárlagaliða og aðila árið 2017 .....	20
Útvistun endurskoðunarverkefna .....	20
Birting endurskoðunarskýrsla.....	21
Áhrif nýrra laga um opinber fjármál.....	21
Mat á innra eftirliti .....	21
Úttektir á upplýsingakerfum.....	22
Stjórnsýsluendurskoðun.....	23
Verkefnaval og vinnuferli .....	23
Aðalúttektir sem lokið var árið 2017 .....	25
Eftirfylgni ársins 2017 .....	26
Önnur eftirlitsverkefni.....	27
Eftirlit með framkvæmd fjárlaga .....	27
Eftirlit með fjármálum stjórn málasamtaka og frambjóðenda .....	28
Eftirlit með sjálfseignarstofnunum sem ekki stunda atvinnurekstur .....	29
Eftirlit með ársreikningum kirkjugarða og sókna .....	29
Lög um opinber fjármál og endurskoðun.....	30
Eftir Birgi Finnbogason, löggiltan endurskoðanda .....	30
Parf að hafa eftirlit með eftirlitinu? .....	33
Eftir Markús Ingólf Eiríksson, sérfræðing á stjórnsýslusviði .....	33
Að mæta nýjum áskorunum með aukinni þekkingu .....	35
Eftir Thelmu Hillers, sérfræðing á endurskoðunarsviði .....	35
Starfsmenn í árslok 2017.....	37
Ársreikningur 2017.....	38



## Formáli ríkisendurskoðanda

Árið 2017 hefur verið nokkurt tímamótaár hjá Ríkisendurskoðun.

Annars vegar tóku gildi ný lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016. Gerð var grein fyrir helstu breytingum sem leiddu af þessari nýju lagasetningu í formála skýrslu stofnunarinnar fyrir árið 2016. Ríkisendurskoðandi og stofnunin hafa á árinu unnið að því að koma í framkvæmd þeim nýjungum og breytingum sem gildistaka nýju laganna hafði í för með sér.

Hins vegar tóku lög um opinber fjármál (LOF), nr. 123/2015, að fullu gildi frá ársbyrjun 2017 að telja með gildistöku ákvæða um ný reikningsskil ríkisaðila í A-hluta og gerð ríkisreiknings, sbr. ákvæði I til bráðabirgða. Samþykkt laganna á sínum tíma var stór áfangi í að innleiða nýjar reglur við undirbúning, gerð og framkvæmd fjármála hjá hinu opinbera til lengri tíma. Með gerð og samþykkt fjármálastefnu, fjármálaáætlunar og fjárlaga fyrir ríkisfjármálin í heild og reyndar einnig fyrir einstaka ríkisaðila náðist að móta viðeigandi umgjörð um áætlanir og heimildir til lengri tíma. Markmiðið var að skapa meiri festu og stöðugleika þannig að fyrirsjáanleiki yrði meiri og þar af leiðandi minni hætta á þeim sveiflum í rekstri ríkisins sem hafa verið einkennandi fyrir opinber fjármál. Ekki var fyrirséð hvernig tíð stjórnskipti með tilheyrandi alþingiskosningum myndu tefja virkni laganna.

Sá grunnur sem lagður var í upphafi hefur þó verið það haldreipi sem hægt hefur verið að miða við í þeim óróleika sem einkennt hafa stjórnsmál á þessu tímabili frá samþykkt laganna.

Innleiðing nýrra reikningsskila fyrir ríkisaðila í A-hluta og gerð ríkisreiknings hefur gengið hægar en búast mátti við. Fjársýslan hefur lagt mikla vinnu í að fara yfir, greina og flokka þá alþjóðlegu staðla, IPSAS, sem unnið skyldi eftir við gerð ríkisreiknings og hefur einnig unnið með drög að innleiðingaráætlun.

Fram hefur komið að ósamræmi er milli ákvæða ársreikningalaga og settra reikningsskilareglna samkvæmt þeim og ákvæða LOF um allt að þriggja ára innleiðingartíma nýrra reikningsskila skv. IPSAS. Þessi reikningsskilastaðall, sem ætlað er að gilda fyrir reikningsskil opinberra aðila, er ekki hluti af regluverki ársreikningalaganna og tilraun til að heimila slíka viðmiðun gagnvart ríkisaðilum í A-hluta hefur ekki tekist. Þá hefur lagaákvæðum í LOF til að löggilda þær ákvarðanir sem unnið er eftir ekki verið breytt. Þannig hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið mótað ákveðnar reikningsskilareglur sem að mati ríkisendurskoðanda þurfa að eiga sér styrkari stoð í lögum. Reikningsskilaráð ríkisins hefur falið vinnuhóp að móta tillögur til lagabreytinga sem taka eiga á ýmsum álitamálum sem komið hafa upp í innleiðingarferlinu.

Í erlendum samskiptum ríkisendurskoðanda hefur mest áhersla verið lögð á norrænt samstarf. Slíkt samstarf er ákveðið á árlegum fundum norrænna ríkisendurskoðanda og tekur mið af áherslum í starfi þeirra og stofnana þeirra. Þá var fundur Vest-norrænna ríkisendurskoðanda haldinn öðru sinni og nú í Nuuk á Grænlandi. Fundir í endurskoðendaráði EFTA/EES ásamt eftirlitsvinnu í tengslum við verkefni Þróunarsjóðs EFTA (FMO) eru einnig regluleg verkefni Ríkisendurskoðunar. Önnur verkefni felast í þátttöku í ráðstefnum og vinnustofnum sem fjalla um afmörkuð verkefni og eru talin áhugaverð út frá þeim verkefnum sem stofnunin sinnir.

Verkefni Ríkisendurskoðunar eru í svipuðum takti og á liðnum árum. Endurskoðunarvið er sem fyrr stærst með um 55% hluta að virkum vinnustundum. Sviðið lauk við 138 endurskoðunarverkefni á árinu og eru þá talin með þau endurskoðunarverkefni sem er útvistað til endurskoðunarfyrtækja í samræmi við heimildir í lögnum. Hér er aðallega um að ræða hlutafélög, fyrirtæki og sjóði sem ríkið á að meirihluta og falla undir B- til E-hluta ríkisreiknings. Hins vegar er endurskoðun A-hluta stofnana að mestu sinnt af starfsmönnum Ríkisendurskoðunar. Stjórnsýslusvið, sem er annað stærsta sviðið með 21% virkra vinnustunda, lauk við 30 verkefni á árinu. Þar af voru tíu frumúttektir, 19 eftirfylgni eldri úttekta og ein greinargerð um niðurstöðu forkönnunar. Önnur verkefni sem unnin eru af lagastoð og skrifstofu ríkisendurskoðanda snúa að eftirliti með fjármálum stjórnsmálasamtaka, eftirliti með staðfestum sjóðum, eftirliti með ársreikningum kirkjugarða og kirkjusafnaða þjóðkirkjunnar. Birt voru þrjú slík yfirlit auk upplýsinga um niðurstöðu ársreikninga stjórnsmálasamtaka og yfirlita um framboð til persónukjör. Þá var gefið út eitt yfirlit um framkvæmd fjárlaga. Að venju voru veittar umsagnir um tiltekin þingmál á mála-lista fjárlaganefndar. Verkefni stofnunarinnar voru unnin með stuðningi Rekstrarstoðar sem sér um innri starfsemi og tryggir að sá grunnur sé ætíð með fullnægjandi hætti.

Á árinu 2017 var stofnunin rekin með 31,9 m.kr. afgangi samanborið við 12,5 m.kr. afgangi árið áður. Þær breytingar sem urðu á rekstri stofnunarinnar frá fyrra ári voru í fyrsta lagi að fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum voru eignfærðar á árinu 2017 en voru gjaldfærðar árið á undan. Á móti kom að afskriftir voru gjaldfærðar á árinu en jafnhátt framlag frá ríkissjóði var fært til tekna. Þá var breyting orlofsskuldbindingar á árinu færð á launaliðinn í rekstri.

Í efnahagsreikningi voru varanlegir rekstrarfjármunir færðar til eignar í upphafi árs með mótfærslu á frestaðar tekjur vegna fjárfestinga. Fjárfesting ársins var færð til eignar en framlag vegna fjárfestinga var hins vegar fært til skuldar sem frestaðar tekjur vegna fjárfestinga. Orlofsskuldbinding í upphafi árs var færð til skuldar og breyting á henni færð upp í lok ársins.

Í ársreikningi er gerður fyrirvari um réttmæti mótfærslu varanlegra rekstrarfjármuna í upphafi árs. Þá er gerð athugasemd við færslu Fjársýslunnar um bakfærslu áhrifa upp-færslu orlofsskuldbindingar á höfuðstól stofnunarinnar þar sem fjárheimild til að færa hana er ekki fyrirbyggjandi auk þess sem hún styðst ekki við neinar reikningsskilaaðferðir. Þessi færsla var því ekki tekin upp í ársreikning stofnunarinnar.

Á bls. 38-52 þessarar skýrslu má finna ársreikning Ríkisendurskoðunar með nánari sundur-liðun rekstrar og efnahags og skýringa við einstaka liði ásamt athugasemdum við tilgreindar reikningsskilaaðferðir og fjárheimildir.

Árangur af starfsemi stofnunarinnar byggir á þeim mannauði sem hjá henni starfar. Starfsmenn hennar leggja sig alla fram um að gera árangur af starfi sínu sem skilvirkastan í þeim tilgangi að þeir sem um niðurstöður, athugasemdir og ábendingar fjalla geti tekið ákvarðanir sem byggja á skýrslum stofnunarinnar til hagsbóta fyrir rekstur ríkisins. Fyrir þessi störf ber og vil ég þakka.

Ég hef áður bent á að aldurssamsetning starfsmanna stofnunarinnar hefur verið þannig að veruleg endurnýjum muni eiga sér stað á tiltölulega fáum árum. Þannig luku fjórir starfsmenn starfsævi sinni á árinu 2016, tveir á árinu 2017 og á árinu 2018 munu fimm starfsmenn kveðja stofnunina af sömu ástæðu. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þeim fyrir langa og dygga þjónustu og óska þeim velfarnaðar í framtíðinni.

Þar sem undirritaður lætur nú af störfum sem ríkisendurskoðandi vil ég að lokum þakka fyrir samstarfið og óska stofnuninni og starfsmönnum öllum velfarnaðar í störfum sínum hér eftir sem hingað til.





Forseti Íslands, ríkisendurskoðandi og starfsfólk Ríkisendurskoðunar í mars 2018.

## Staða, hlutverk og stefna

Ríkisendurskoðandi starfar á vegum Alþingis og er trúnaðarmaður þess. Hann er sjálfstæður og engum háður í störfum sínum. Ríkisendurskoðandi hefur eftirlit með fjárreiðum ríkisins og að fjárheimildir og hvers konar verðmæti séu nýtt og ráðstafað á hagkvæman og réttmætan hátt og í samræmi við forsendur og ákvarðanir Alþingis. Í því skyni skal hann m.a. upplýsa Alþingi og stjórnvöld um málefni sem varða rekstur og fjárreiður ríkisins og gera tillögur að úrbótum, bættri stjórnýslu, skýrari ábyrgð og betri nýtingu ríkisfjár. Skrifstofa ríkisendurskoðanda heitir Ríkisendurskoðun.

Ríkisendurskoðandi starfar samkvæmt [lögum nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga](#) sem og öðrum lögum sem varða starfsemi hans. Hér er t.d. átt við lög um opinber fjármál ([nr. 123/2015](#)) og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins ([nr. 70/1996](#)). Þá er ríkisendurskoðanda falin tilgreind verkefni samkvæmt ýmsum lögum, t.d. lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá ([nr. 19/1988](#)), lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu ([nr. 36/1993](#)) og lögum um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra ([nr. 162/2006](#)). Í störfum sínum fylgja starfsmenn Ríkisendurskoðunar stöðlum og leiðbeiningum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) og eftir atvikum stöðlum Alþjóðasamtaka endurskoðenda (IFAC). Enn fremur fylgja starfsmenn siðareglum stofnunarinnar. Þar sem Ríkisendurskoðun heyrir undir Alþingi gilda stjórnýslulög og upplýsingalög ekki um

starfsemi hennar umfram það sem fram kemur í lögum um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Engu að síður gilda vissar óskráðar meginreglur stjórnsluréttar um stofnunina.

Samkvæmt lögum eru verkefni ríkisendurskoðanda eftirfarandi:

### Fjárhagsendurskoðun

Endurskoðun ríkisreiknings og reikninga stofnana og fyrirtækja sem eru að hálfu eða meira í eigu ríkisins. Endurskoðun reikninga þeirra aðila sem starfa á ábyrgð ríkisins eða sinna lögbundinni þjónustu eða öðrum verkefnum gegn greiðslu eða styrkjum úr ríkissjóði. Ábendingar um það sem betur má fara í bókhaldi, reikningsskilum, innra eftirliti og rekstri og öryggi upplýsingakerfa.

### Stjórnsluendurskoðun

Úttektir á frammistöðu stofnana og fyrirtækja ríkisins og aðila sem þiggja framlög frá ríkinu. Mat á meðferð og nýtingu ríkisfjár, þ.e. á hagkvæmni, skilvirkni og árangri ríkis- aðila, ásamt ábendingum um hvað athuga þurfi til að bæta þá þætti sem hafa farið úrskeiðis.

### Eftirlit með framkvæmd fjárlaga

Eftirlit með því hvort fjárreiður og fjárhagslegar ákvarðanir stofnana eru í samræmi við fjárlög, lög um opinber fjármál og reglugerð um framkvæmd fjárlaga.

### Eftirlit með ársreikningum sjálfseignarstofnana

Móttaka, úrvinnsla og birting upplýsinga úr ársreikningum sjóða og stofnana sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

### Eftirlit með fjárreiðum stjórnmalasamtaka og frambjóðenda

Móttaka, úrvinnsla og birting upplýsinga um tekjur og gjöld stjórnmalasamtaka, þátttakenda í prófkjörum og í kjöri til embættis forseta Íslands.

### Eftirlit með fjárreiðum kirkjugarða og sókna

Móttaka, úrvinnsla og birting upplýsinga úr ársreikningum kirkjugarða og sókna.

Þótt ríkisendurskoðandi heyri stjórnskipulega undir Alþingi þá er hann engum háður í störfum sínum og velur sjálfur og skipuleggur verkefni sín. Stjórnskipunar- og eftirlitnefnd þingsins getur farið fram á að ríkisendurskoðunandi taki saman skýrslur um málefni sem falla undir starfssvið stofnunarinnar. Sama gildir ef níu þingmenn óska eftir skýrslu í þingsal. Taki ríkisendurskoðandi beiðni til athugunar ákveður hann nálgun að viðfangs-efninu, aðferð, hvenær skýrslu er lokið og hvernig niðurstöður eru settar fram.



Gildi Ríkisendurskoðunar eru:

# Heilindi - Óhæðði - Fagmennska

Ríkisendurskoðun gerir viðkomandi stofnunum, Alþingi og almenningi grein fyrir niðurstöðum athugana sinna í rafrænum skýrslum og fréttum sem birtar eru á vefsíðu hennar, [rikisendurskodun.is](http://rikisendurskodun.is). Niðurstöður sem snerta viðkvæm innri málefni stofnana eru þó ekki gerðar opinberar. Alþingi fjallar um skýrslur Ríkisendurskoðunar samkvæmt þingskapalögum og sérstökum reglum um þinglega meðferð skýrslna Ríkisendurskoðunar.



# Almennt um starfsemi og rekstur árið 2017

## Skipulag starfseminnar

Starfsemi Ríkisendurskoðunar fer fram í fimm skipulagseiningum. Kjarnasviðin eru tvö; endurskoðunarsvið og stjórnsýslusvið. Hið fyrrnefnda sinnir fjárhagsendurskoðun samkvæmt 5. gr. laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016 og voru starfsmenn þess alls 26 í árslok 2017. Hið síðarnefnda fæst við stjórnsýsluendurskoðun samkvæmt 6. gr. laganna og voru starfsmenn þess níu í árslok. Yfir hvoru kjarnasviði er sviðsstjóri og undir honum eru deildarstjórar sem stýra vinnu sérfræðinga, fjórir á endurskoðunarsviði og tveir á stjórnsýslusviði.

Tvö stoðsvið sinna margvíslegri miðlægri starfsemi og þjónustu við kjarnasviðin; rekstrarstoð og lögfræði- og skjalastoð. Á rekstrarstoð störfuðu fjórir sem og á lögfræði- og skjalastoð. Þá sinnir skrifstofa ríkisendurskoðanda ýmsu eftirliti með fjármálum og rekstri ríkisins, útgáfumálum, alþjóðlegum samskiptum og aðstoð við ríkisendurskoðanda. Starfsmenn skrifstofunnar voru þrír í árslok. Samtals voru starfsmenn Ríkisendurskoðunar 47 í lok ársins 2017.


### Skipurit Ríkisendurskoðunar



## Skipting vinnuframlags milli sviða

Árið 2017 skiluðu starfsmenn Ríkisendurskoðunar samtals tæplega 74 þúsund *virikum vinnustundum*, um fjögur þúsund fleiri stundum en árið 2016. Með virikum vinnustundum er átt við þann tíma sem starfsmenn eru í vinnu en fjarvistir, s.s. vegna veikinda eða orlofs, eru undanskildar. Til glöggvunar má geta þess að starfsmaður í fullu starfi skilar u.þ.b. 1.700 virikum vinnustundum á ári miðað við átta klst. vinnudag. Fjöldi virkra vinnustunda á síðasta ári samsvarar vinnuframlagi tæplega 46 starfsmanna í fullu starfi.

### Hlutfallsleg skipting virkra vinnustunda milli sviða 2017




Starfsmenn endurskoðunarsviðs skiluðu rúmlega helmingi af heildarfjöldi virkra vinnustunda árið 2017, starfsmenn stjórnsýslusviðs um fimmtingi, rekstrarstoðar 9%, lögfræði- og skjalastoðar 8% og skrifstofu ríkisendurskoðanda 7%.

## Skipting vinnuframlags milli ráðuneyta

Árlega er tæplega 60% virkra vinnustunda ráðstafað til endurskoðunar- og eftirlitsverkefna sem lúta beint að ráðuneytum og undirstofnunum þeirra. Um 40% virkra vinnustunda er ráðstafað til annarra eftirlitsverkefna, faglegrar þróunar, innra starfs, yfirstjórnar, rekstrar og stoðþjónustu.

Árið 2017 var sjónum einkum beint að þremur ráðuneytum og aðilum sem undir þau heyra, þ.e. velferðarráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og mennta- og menningarmála- ráðuneyti. Samtals var rúmlega 60% af tímanum varið til endurskoðunar og eftirlits hjá þessum þremur ráðuneytum og undirstofnunum þeirra. Um 30% var varið í endurskoðun og eftirlit með umhverfis- og auðlindaráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, dómsmálráðuneyti og undirstofnunum þeirra. Um 10% var varið í önnur ráðuneyti og undirstofnanir.

## Hlutfallsleg skipting vinnustunda sem ráðstafað var til endurskoðunar og eftirlits hjá ráðuneytum og undirstofnunum þeirra 2017



Skiptingin ræðst m.a. af áhættumati og verkefnavali hverju sinni. Þannig er t.d. mismunandi að hvaða ráðuneytum stjórnsýsluúttektir beinast. Því geta orðið nokkrar sveiflur milli ára. Þess ber að geta að hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti færast m.a. vinnustundir sem varið er til endurskoðunar á efnahags- og tekjuliðum ríkissjóðs, eftirlits með framkvæmd fjárlaga og endurskoðunar ríkisreiknings.

## Tekjur og gjöld

### Yfirlit rekstrarreiknings 2016 og 2017 ( í m.kr)

	2017	2016	Breyting	%
Laun og launatengd gjöld	622,1	539,7	82,5	15%
Annar rekstrarkostnaður	91,6	71,0	20,6	29%
Stofnkostnaður	0,0	15,1	-15,1	-100%
Samtals gjöld	713,8	625,8	88,0	14%
Sértekjur	100,0	60,1	39,9	66%
Gjöld að frádrögnum tekjum	613,8	565,7	48,1	9%
Ríkisframlag	645,6	578,2	67,4	12%
Tekjuafgangur	31,9	12,5	19,3	154%

Heildargjöld Ríkisendurskoðunar námu tæpum 714 m.kr. árið 2017 og hækkuðu um 88 m.kr. milli ára eða 14%. Hækkunin skýrist einkum af auknum launakostnaði, m.a. vegna fjölgunar starfsmanna. Sértekjur námu 100 m.kr. og ríkisframlag 646 m.kr. Afgangur af rekstrinum nam 32 m.kr. sem er um 19 m.kr. hærri tekjuafgangur en á árinu 2016. Nánari upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu má finna í ársreikningi og skýringum við hann á bls. 38-52.

## Mannauður

[Starfsmannastefna](#) Ríkisendurskoðunar mótast af þeirri hugsun að vel menntað, áhugasamt og ánægt starfsfólk sé lykillinn að árangri. Meginmarkmið stefnunnar er að búa starfsmönnum góð starfsskilyrði, auka færni þeirra og efla starfsanda á vinnustað. Á þann hátt sinni stofnunin best hlutverki sínu og margþættum og síbreytilegum verkefnum.

47 starfsmenn  
24 konur  
23 karlar

Í lok árs 2017 voru starfsmenn stofnunarinnar 47. Kynjaskipting meðal starfsmanna var jöfn, 24 konur og 23 karlar. Jöfn kynjaskipting endurspeglast ekki meðal stjórnenda stofnunarinnar þar sem karlar eru 75% en konur 25%.

Starfsmannavelta er skilgreind sem hlutfall þeirra starfsmanna sem hætta störfum á tilteknu ári af heildarfjölda starfsmanna í árslok.

Starfsmannavelta hjá Ríkisendurskoðun var rúmlega 9% árið 2017.

Meðalaldur starfsfólks var tæplega 54 ár í árslok 2017. Hlutfall starfsmanna sem voru með a.m.k. þriggja ára starfsreynslu hjá Ríkisendurskoðun nam 83% og meðalstarfsaldur var tæplega 14 ár.

Tæplega 40% starfsmanna hafa unnið hjá stofnuninni í fimm ár eða skemur. Fjórðungur starfsmanna hefur unnið hjá Ríkisendurskoðun í 20 ár eða lengur.

### Lykiltölur um mannauð Ríkisendurskoðunar

	2017	2016	2015	2014
Starfsmannavelta	9%	6%	10%	5%
Meðalaldur starfsmanna	54 ár	55 ár	56 ár	55 ár
Meðalstarfsaldur	14 ár	17 ár	17 ár	16 ár
3 ára starfsreynsla	83%	81%	88%	88%

Þegar rýnt er í tölur um aldurskiptingu starfsmanna í árslok 2016 kemur í ljós að rúmlega 40 prósent þeirra var á aldrinum 61–70 ára. Áfram eru fyrirséðar miklar breytingar þegar margir núverandi starfsmenn fara á eftirlaun. Mikilvægt er að tryggja að þessi umskipti valdi ekki óþarfa röskun á starfseminni og að leitast verði við að varðveita innan stofnunarinnar þá þekkingu sem eldri starfsmenn búa yfir. Í þessu sambandi má geta þess að stofnunin hefur formlega boðið þeim starfsmönnum sem náð hafa 60 ára aldri að

minnka við sig starfshlutfall samhliða því sem þeir hefja töku lífeyris. Starfsmenn sem velja þennan kost taka að sér að leiðbeina nýjum starfsmönnum í samræmi við óskir stjórnenda.

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að starfsfólk stofnunarinnar viðhaldi og efli faglega hæfni sína með sí- og endurmenntun. Í þessu skyni er starfsmönnum gert mögulegt að sækja nám samhliða vinnu. Yfirleitt er hér um að ræða stutt námskeið innanlands um mál-efni sem tengjast starfsemi stofnunarinnar. Einnig eru dæmi um að starfsmenn hafi sótt námskeið erlendis eða tekið þátt í námskeiðum sem erlendir aðilar bjóða á netinu. Auk þess að bjóða starfsmönnum að sækja einstök námskeið hefur Ríkisendurskoðun gert samninga við starfsmenn um lengra nám, t.d. nám til löggildingar eða faggildingar í endurskoðun eða háskólanám með vinnu. Fjórir starfsmenn fengu heimild til að taka launað námsleyfi á árinu 2017.

Árið 2017 höfðu rúmlega 80% starfsmanna lokið háskólaprófi og voru margir með fleiri en eina prófgráðu. Þá störfuðu fimm löggiltir endurskoðendur hjá stofnuninni og þrír starfsmenn með faggildingu í innri endurskoðun (*Certified Internal Auditor – CIA*). Tveir þeirra höfðu að auki faggildingu í opinberri endurskoðun (*Certified Government Auditing Professional – CGAP*) og einn hafði faggildingu í endurskoðun upplýsingakerfa (*Certified Information Systems Auditor – CISA*).



Starfmenn rekstrarsviðs í mars 2018. Frá vinstri: Steinunn Gísladóttir, Eyþór Borgþórsson og Ásdís Hauksdóttir. Á myndina vantar Sigurð Þorvaldsson.

## Samskipti við nefndir Alþingis

Samkvæmt 13. gr. þingskapalaga fjallar stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd um skýrslur Ríkisendurskoðunar og skilar álitum um þær. Nefndin getur þó eftir atvikum vísað skýrslu til umfjöllunar í annarri þingnefnd og skilar þá sú nefnd álitum um hana. Þessi ákvæði þingskapalaga tóku gildi í september 2012. Gildandi reglur forsætisnefndar um þinglega meðferð skýrslna Ríkisendurskoðunar eru frá því í janúar sama ár. Samkvæmt 1. gr. reglnanna skal stofnunin senda forseta Alþingis skýrslur sínar með bréfi. Í 2. gr. segir að forseti skuli senda skýrslur um framkvæmd fjárlaga og endurskoðun ríkisreiknings til umfjöllunar í fjárlaganefnd en aðrar skýrslur til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.

Ljóst er að ákvæði 2. gr. reglnanna eru ekki í fullu samræmi við fyrrnefnd ákvæði 13. gr. þingskapalaga sem fela í sér að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd skuli fjalla um allar skýrslur stofnunarinnar nema þær sem nefndin sendir til annarra þingnefnda. Skýringin á þessu mismunandi er sú að horft var til mismunandi sjónarmiða við annars vegar samningu reglnanna og hins vegar lagasetninguna. Við samningu reglnanna tók forsætisnefnd mið af þeirri áralöngu hefð að fjárlaganefnd og fyrirrennari hennar, fjárveitinganefnd, fjalli um skýrslur Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga og endurskoðun ríkisreiknings. Við breytingar á þingskapalögum árið 2012 var aftur á móti lögð áhersla á að tryggja að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd héldi beinum tengslum sínum við Ríkisendurskoðun og hefði yfirlit um eftirlitsstörf hennar. Í reynd hefur hefðin lifað áfram þrátt fyrir ákvæði laganna. Skýrslur um framkvæmd fjárlaga og endurskoðun ríkisreiknings eru þannig ávallt sendar til fjárlaganefndar en allar aðrar skýrslur til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.

Forsætisnefnd, fjárlaganefnd og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd heimsóttu Ríkisendurskoðun á síðasta ári, þar sem nýjum þingmönnum var kynnt starfsemi Ríkisendurskoðunar. Einnig fengu nefndarmenn tækifæri til að ræða almennt um áherslur stofnunarinnar og það samstarf sem fram undan er.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd boðar ríkisendurskoðanda reglulega á sinn fund til að kynna skýrslur stofnunarinnar og ræða efni þeirra. Jafnframt gefst þeim aðilum sem ábendingar beinast að kostur á að lýsa sjónarmiðum sínum á fundum nefndarinnar. Á árinu 2017 mættu fulltrúar Ríkisendurskoðunar á sex fundi nefndarinnar og kynntu þar átta skýrslur stofnunarinnar, þar af var fjallað tvisvar um eina skýrslu. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd skilaði ekki álitum um neina útgafna skýrslu stofnunarinnar á síðasta ári. Einnig mættu ríkisendurskoðandi og aðrir fulltrúar stofnunarinnar á fimm fundi fjárlaganefndar, ýmist til að kynna skýrslur eða til að ræða málefni sem tengjast rekstri og fjárhag ríkisins. Nefndin skilaði ekki álitum um skýrslur stofnunarinnar. Að auki mætti ríkisendurskoðandi á árlegan sumarfund forsætisnefndar þar sem málefni eftirlitsstofnana þingsins voru til umfjöllunar.

## Útgáfa og upplýsingamiðlun

Ríkisendurskoðun hefur [upplýsingastefnu](#) sem samræmist stöðlum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana um gagnsæi og fyrirsvar (ISSAI 20) og virði og ávinning af starfsemi ríkisendurskoðana (ISSAI 12).



Ríkisendurskoðun hefur einnig sett sér [samfélagsmiðlastefnu](#) og tekur þátt á samfélagsmiðlum á [facebook.com/rikisendurskodun](https://www.facebook.com/rikisendurskodun) og [twitter.com/rikisend](https://twitter.com/rikisend). Markmið Ríkisendurskoðunar með þátttöku á samfélagsmiðlum er að:

- ✓ Deila niðurstöðum athugana Ríkisendurskoðunar sem birtar eru opinberlega.
- ✓ Upplýsa fjölmiðla og almenning um hlutverk stofnunarinnar og störf.
- ✓ Stuðla að auknu gagnsæi í ríkisrekstri.
- ✓ Hvetja til umræðu um fjármál ríkisins og aukna hagsýni, skilvirkni og/eða árangur í ríkisrekstri.
- ✓ Hvetja almenning til að koma á framfæri ábendingum um hvernig betur megi fara með almannafé.

Flestar opinberar skýrslur Ríkisendurskoðunar miðast við þarfir Alþingis eða einstakra þingnefnda fyrir upplýsingar, greiningu og álit á fjárhagsmálefnum ríkisins og meðferð almannafjár. Eins er leitast við að sníða skýrslurnar að þörfum stjórnenda ráðuneyta og stofnana enda beinast ábendingar stofnunarinnar um úrbætur yfirleitt að þessum aðilum. Jafnframt leggur Ríkisendurskoðun áherslu á að upplýsa fjölmiðla og almenning um hlutverk sitt og störf, þ.m.t. niðurstöður endurskoðunar og úttekta. Upplýsingafulltrúi og aðrir starfsmenn Ríkisendurskoðunar svara á hverju ári fjölmörgum fyrirspurnum fjölmiðla og almennings sem yfirleitt varða einstök verkefni, hlutverk eða vinnubrögð stofnunarinnar.

Ríkisendurskoðun heldur úti vefsíðu þar sem nálgast má öll opinber rit hennar ([rikisendurskodun.is](http://rikisendurskodun.is)). Árið 2017 voru innlit (e. *sessions*) á síðuna samtals rúmlega 18 þúsund og fjöldi notenda rúmlega 10 þúsund, sem er aðeins minni virkni en árið 2016. Mest lesnu skýrslurnar á síðasta ári voru [Hjúkrunarfræðingar: Mönnun, menntun og starfsumhverfi](#) og [Kostnaður og skilvirkni kennaramenntunar. Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri](#). Einnig voru upplýsingar um fjármál stjórnálagssamtaka og frambjóðenda mikið lesnar. Á árinu 2017 birtust í fyrsta sinn fjárhagsendurskoðunarskýrslur einstaka A-hluta stofnana á vef Ríkisendurskoðunar. Nánar má lesa um birtar fjárhagsendurskoðunarskýrslur á bls. 21.

Alþingismenn, fjölmiðlar og aðrir áskrifendur á póstlista Ríkisendurskoðunar fá tilkynningar þegar nýjar skýrslur birtast á vef stofnunarinnar. Áhugasamir geta [óskað eftir því](#) að vera bætt við póstlistann.

## Alþjóðleg samskipti

Til að stuðla að því að starfsemi Ríkisendurskoðunar þróist í takt við alþjóðlega strauma og stefnur leggur stofnunin áherslu á að eiga góð samskipti og samstarf við erlendar systurstofnanir. Stofnunin hefur um árabil tekið þátt í samstarfi norrænna ríkisendurskoðana sem og starfi Evrópu- og alþjóðasamtaka á þessu sviði, EUROSAI og INTOSAI. Þá tekur Ríkisendurskoðun þátt í að endurskoða fjölþjóðlegar stofnanir, samtök, sjóði og áætlanir sem Ísland á aðild að. Samtals sóttu starfsmenn Ríkisendurskoðunar ellefu fundi, málstofur og námskeið erlendis árið 2017 og eru það heldur færri fundir en að meðaltali undanfarin ár.



Ríkisendurskoðendur Norðurlanda hafa um langt árabil haft með sér náið samstarf og var árlegur fundur ríkisendurskoðenda landanna að þessu sinni haldinn í Kaupmannahöfn. Á síðasta fundi var ákveðið að Norðurlöndin myndu vinna saman að verkefni um stafræna endurskoðun. Þá taka starfsmenn á stjórnsýslusviði þátt í sam-norrænu verkefni um skilvirkni háskóla.

Fyrir tveimur árum var ákveðið að hefja samstarf vest-norrænna ríkisendurskoðenda Íslands og Færeyja, auk fulltrúa endurskoðunarskrifstofu sem annast endurskoðun fyrir



Grænland. Fyrsti fundur var í Reykjavík árið 2016 og hélt samstarfið áfram árið 2017 með fundi í Nuuk.

Sviðsstjóri endurskoðunarsviðs, Ingi K. Magnússon, er meðlimur í Endurskoðendanefnd EFTA (*EFTA Board of Auditors – EBOA*). Sótti hann tvo fundi nefndarinnar í Brussel, auk þess að skipuleggja einn fund hennar í Reykjavík.



Ríkisendurskoðun hefur tekið þátt í evrópsku samstarfi um tölvuendurskoðun og handbókargerð fyrir slíka endurskoðun.

Fulltrúar Ríkisendurskoðunar tóku þátt í ráðstefnunni Young EUROSAI í Tallin. Ráðstefnan er skipulögð af samstarfsvettvangi evrópskra ríkisendurskoðana, EUROSAI og er áhersla lögð á ungt starfsfólk evrópskra ríkisendurskoðana og þær áskoranir sem ríkisendurskoðanir munu standa fyrir vegna aukinnar gervigreindar og vinnslu stórra gagnasafna.



Fulltrúi Ríkisendurskoðunar sótti námskeið IDI, þróunarstofnunar INTOSAI, í Lissabon um SAI Performance Measurement Framework, hvernig meta megi árangur, gagnsemi og frammistöðu ríkisendurskoðana.

# Fjárhagsendurskoðun

Regluleg fjárhagsendurskoðun hjá stofnunum og fyrirtækjum ríkisins er viðamesta verkefni Ríkisendurskoðunar. Í árslok 2017 voru starfsmenn endurskoðunarviðs alls 26, tveimur fleiri en í árslok 2016. Starfsmenn sviðsins skiluðu um 55% af virkum vinnustundum stofnunarinnar.

Ríkisendurskoðun endurskoðar árlega ríkisreikning og reikninga ráðuneyta, stofnana, sjóða og annarra aðila þar sem kostnaður eða reikningslegt tap er greitt af ríkissjóði.

Við endurskoðunina er höfð hliðsjón af lögum um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, lögum um endurskoðendur, stöðlum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (*International Standards of Supreme Audit Institutions – ISSAI*) og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (*International Standards of Auditing – ISA*) þegar um er að ræða hlutafélög og sjóði í meirihlutaeigu ríkisins.

Árlega sendir Ríkisendurskoðun Alþingi og birtir opinberlega skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings og var [skýrsla um endurskoðun ríkisreiknings 2016](#) birt í desember 2017. Þar er einnig gerð grein fyrir meginniðurstöðum fjárhagsendurskoðunar hjá ríkisaðilum eftir því sem við á.

Fjárhagsendurskoðun miðar að því að:

- ✓ Reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Kanna innra eftirlit stofnana og fyrirtækja og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

## Vinnuferli fjárhagsendurskoðunar

Ríkisreikningur samanstendur af um 450 fjárlagaliðum í A-hluta ríkissjóðs auk upplýsinga um reikningsskil ríkisaðila í B-E-hluta. Endurskoðunarviðið hefur ekki tók á að endurskoða alla fjárlagaliði í A-hluta fyrir áritun ríkisreiknings sem undanfarin ár hefur verið í júnímánuði. Því þarf að velja sérstaklega þá liði sem teknir eru til endurskoðunar. Valið byggist á sérstöku áhættumati þar sem horft er til nokkurra mismunandi áhættupátta. Þetta kallast „áhættugrunduð endurskoðun“ (e. *risk-based auditing*).

Að jafnaði er lögð áhersla á að endurskoða umfangsmestu stofnanir enda hafa þær meiri þýðingu en smærri liðir þegar meta þarf hvort ríkisreikningur gefi glögga mynd af rekstri og efnahag ríkissjóðs í heild. Á hinn bóginn er almennt talið að hætta á að eitthvað fari úrskeiðis í bókhaldi eða rekstri sé jafnan meiri hjá litlum stofnunum en þeim sem stærru eru. Því er mikilvægt að líta ekki fram hjá minni stofnunum og fjárlagaliðum við árlegt val á endurskoðunarverkefnum.



Starfsmenn endurskoðunarviðs í mars 2018. Frá vinstri: Telma Steingrímsdóttir, Óskar Sverrisson, Álfheiður Dögg Gunnarsdóttir, Albert Ólafsson, Thelma Hillers, Svafa Þ. Hinriksdóttir, Guðbrandur R. Leósson, Kristín Þorbjörg Jónsdóttir, Sigurgeir Bóasson, María Bjargmundsdóttir, Helgi Guðmundsson, Guðrún Eggertsdóttir, Ingi K. Magnússon, Geir Gunnlaugsson, Sigríður H. Sigurðardóttir, Grétar Bjarni Guðjónsson, Kristín Inga Pétursdóttir og Guðjón Magnússon. Á myndina vantar: Auði Guðjónsdóttur, Birgi Finnbogason, Brynju Pétursdóttur, Guðmund Óla Magnússon, Viðar H. Jónsson og Þorbjörgu Guðnadóttur.

Þegar stofnun eða fjárlagaliður hefur verið valinn til endurskoðunar er byrjað á því að meta mögulega áhættu tengda bókhaldi, fjármálastjórn og rekstri. Jafnframt er hugað að undirbúningi endurskoðunar, gerð endurskoðunaráætlunar og mati á innra eftirliti. Því næst er ákveðið hvaða endurskoðunaraðgerðum skuli beitt í samræmi við niðurstöður áhættumatsins. Að lokinni hinni eiginlegu endurskoðun tekur við skýrslugerð (eða eftir atvikum gerð endurskoðunarbréfs) þar sem niðurstöður eru settar fram.


### Vinnuferli fjárhagsendurskoðunar



## Endurskoðun fjárlagaliða og aðila árið 2017

Á árinu 2017 voru alls 93 liðir í A hluta ríkissjóðs endurskoðaðir vegna reikningsársins 2016. Meginhluta liða í B-E hluta er útvistað en þó voru 15 reikningsskil móður- og dótturfélaga í þessum hlutum ríkisreiknings endurskoðuð af starfsmönnum endurskoðunarsviðs. Þá féllu til ýmis önnur endurskoðunarverkefni, s.s. endurskoðun til staðfestingar fyrir fjölbjóðleg verkefni sem íslenskir aðilar taka þátt í. Samtals voru endurskoðunarverkefni ársins 138.

### Hlutfallsleg skipting vinnustunda fjárhagsendurskoðunar eftir ráðuneytum og undirstofnunum þeirra 2017



Eins og sjá má á ofangreindu súluriti varði sviðið um þremur fjórðu af sínum vinnustundum í fjárhagsendurskoðun velferðarráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis, umhverfis- og auðlindaráðuneytis og undirstofnana þeirra.

Endurskoðunarsvið hefur að markmiði að endurskoða alla fjárlagaliði eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Þetta markmið hefur ekki náðst fyllilega á undanförunum árum en fyrirhugað er að endurmeta áhættugreiningu stofnunarinnar til að tryggja að það náist.

## Útvistun endurskoðunarverkefna

Samkvæmt 7. gr. laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreiknings getur stofnunin falið endurskoðendum eða öðrum sérfræðingum að vinna að einstökum verkefnum sem henni eru falin í lögum. Þessa heimild hefur stofnunin nýtt og um árabíl útvistað margvíslegum verkefnum á sviði fjárhagsendurskoðunar og er stærstum hluta verkefna vegna B-E hluta ríkisreiknings útvistað. Verkefnin eru boðin út í samræmi við [lög nr. 120/2016](#) um opinber innkaup eða þá að samið er við fyrirtæki á grundvelli ramma-samninga Ríkiskaupa um endurskoðun, yfirleitt að undangengnu örútbóði. Árið 2017

voru í gildi samningar við samtals sex endurskoðunarfyrirtæki sem önnuðust endurskoðun á samtals um 21 ríkisfyrirtæki og hlutafélagi í eigu ríkisins.

## Birting endurskoðunarskýrslna

Á árinu 2017 hóf Ríkisendurskoðun að [birta endurskoðunarskýrslur](#) A-hluta stofnana. Alls hafa 49 endurskoðunarskýrslur vegna ársins 2016 verið birtar. Flestar skýrslurnar eru vegna mennta-, rannsókn- og þekkingarstofnana, alls 12. Sjá má skiptingu endurskoðunarskýrslanna eftir flokkum stofnana í töflunni hér til hliðar.

## Áhrif nýrra laga um opinber fjármál

Með lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál voru teknir upp alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (*International Public Sector Accounting Standards - IPSAS*) hjá ríkinu vegna reikningsskila A-hluta ríkissjóðs (samstæðu). Samkvæmt þessum breytingum, sem tóku gildi 1. janúar 2017, skulu reikningsskil stofnana í A-hluta og fyrirtækja og sjóða í B-C hluta vera í samræmi við lög um ársreikninga. Þetta gerir auknar kröfur til reikningsskila opinberra

aðila og hefur innleiðing laganna veruleg áhrif á framkvæmd fjárhagsendurskoðunar. Ætla má að meiri tími muni, að jafnaði, fara í endurskoðun hjá einstökum stofnunum og ríkissjóði í heild en til þessa. Þá hefur samþykkt laganna í för með sér að innri endurskoðun í ráðuneytum og stofnunum verður eflað frá því sem nú er.

## Mat á innra eftirliti

Fjárhagsendurskoðun hjá hinu opinber felur m.a. í sér að kanna innra eftirlit ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja ríkisins. Með innra eftirliti er átt við ýmsar ráðstafanir og aðgerðir sem eiga að stuðla að árangursríkum og hagkvæmum rekstri, vernda eignir, verðmæti og viðkvæm gögn, veita áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar og tryggja að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur. Innra eftirlit tekur jafnan mið af greiningu og mati á hugsanlegri rekstraráhættu og birtist m.a. í ýmiss konar verklagsreglum, t.d. um aðgreiningu starfa, samþykkt útgjalda og skráningu viðskipta, en einnig í siðareglum og starfsmannastefnu.

### Birtar endurskoðunarskýrslur árið 2017 eftir flokkum stofnana

Atvinnuvegastofnanir	2
Félags- og tryggingastofnanir	5
Heilbrigðisstofnanir	5
Kirkjustofnanir	1
Löggæslustofnanir og dómsstólar	8
Menningarstofnanir	1
Mennta-, rannsókn- og þekkingarstofnanir	12
Orkustofnanir	1
Samgöngu- og fjarskiptastofnanir	2
Skatta-, eigna- og fjármála- stofnanir	3
Umhverfisstofnanir	6
Utanríkisstofnanir	3

Árið 2011 gaf Ríkisendurskoðun út [leiðbeiningar um skjalfestingu innra eftirlits fyrir stofnanir í A-hluta ríkissjóðs](#). Þá gaf Ríkisendurskoðun út 2. útgáfu [leiðbeiningarits um innra eftirlit](#) á árinu 2017.

## Úttektir á upplýsingakerfum

Liður í fjárhagsendurskoðun hjá ríkinu er að ganga úr skugga um hvort rafræn upplýsingakerfi stofnana og fyrirtækja séu örugg og skili þeim árangri sem vænst er. Við þessa vinnu er m.a. höfð hliðsjón af lögum um ríkisendurskoðanda, stöðlum og leiðbeiningum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila. Á síðasta ári var haldið áfram með úttekt á launakerfi sem er hluti af bókhalds- og mannauðskerfi ríkisins (Orra). Einnig var unnið að undirbúningi norræns verkefnis í stafrænni endurskoðun.

Niðurstöður úttekta á upplýsingakerfum eru settar fram í skýrslum sem eingöngu eru sendar þeim stofnunum sem þær lúta að og viðkomandi fagráðuneyti þar sem þær greina iðulega frá viðkvæmum öryggismálum.

# Stjórnsýsluendurskoðun

Í árslok 2017 voru starfsmenn stjórnsýslusviðs níu, sem voru einum færri en við árslok 2016. Starfsmenn sviðsins skiluðu rúmlega fimmtungi (21%) af heildarfjölda virkra vinnustunda hjá stofnuninni.

Stjórnsýsluendurskoðun felst í því að kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort gildandi laga- og fyrirmælum sé framfylgt í þessu sambandi. Ríkisendurskoðun skal gera hlutaðeigandi stjórnvöldum grein fyrir niðurstöðum þessarar vinnu, vekja athygli þeirra á því sem hún telur að úrskaiðis hafi farið í rekstri og benda þeim á atriði sem athuga þurfi með tilliti til úrbóta.

Við stjórnsýsluúttektir fylgja starfsmenn lögum um stofnunina og stöðlum Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana. Samkvæmt stöðlunum (ISSAI 300 og 3000) miðar stjórnsýsluendurskoðun einkum að því að meta hagkvæmni, skilvirkni og árangur í opinberum rekstri og benda á leiðir til að bæta þessa þætti. Hugtakið *hagkvæmni* vísar til þess hve vel tekst að halda niðri kostnaði við aðföng. *Skilvirkni* vísar til þess hve vel slík aðföng eru nýtt til að framleiða afurðir. Loks vísar hugtakið *árangur* í þessu sambandi til þess hvort framlög ríkisins skili þeim árangri sem að er stefnt. Tekið skal fram að yfirleitt er ekki horft á mál út frá öllum þessum þremur sjónarhornum í hverri stjórnsýsluúttekt.

Stjórnsýsluendurskoðun felur í sér mat á frammistöðu ríkisaðila. Markmiðið er að stuðla að úrbótum þar sem einkum er horft til:

- ✓ Meðferðar og nýtingar ríkisfjár
- ✓ Hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins
- ✓ Hvort framlög ríkisins skili þeim árangri sem að er stefnt.

## Verkefnaval og vinnuferli


Stjórnsýslusvið starfar samkvæmt þriggja ára starfsáætlun sem endurskoðuð er árlega. Í henni eru skilgreindir þeir málaflokkar og málefni sem frumkvæðisúttektir skulu beinast að á tímabilinu. Núverandi starfsáætlun gildir fyrir árin 2016–18. Hún byggist m.a. á mati á áhættu í starfsemi og rekstri ríkisins, þ.e. hvar helst er talin hætta á að starfsemin sé ekki eins hagkvæm, skilvirk og árangursrík og til er ætlast. Á tímabilinu munu úttektir aðallega beinast að málaflokkum sem heyra undir stærstu og útgjaldaþrengustu ráðuneytin: velferðarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og dómsmálaráðuneyti. Málefni annarra ráðuneyta verða þó einnig til skoðunar eftir því sem ástæða verður talin til. Eins og sjá má á



Starfsmenn stjórnislysuviðs í mars 2018. Frá vinstri: Berglind Eygló Jónsdóttir, Markús Ingólfur Eiríksson, Magnús Lyngdal Magnússon, Gestur Páll Reynisson, Sigríður Kristjánsdóttir, Jakob Guðmundur Rúnarsson, Steingerður Ólafsdóttir, Þórir Óskarsson og Haraldur Guðmundsson. Á myndina vantar: Hrafnhildi Ragnarsdóttur og Elísabetu Stefánsdóttur.

meðfylgjandi súluriti var rúmlega þremur fjórðu vinnustunda sviðsins árið 2017 varið til stjórnislysendurskoðunar þessara ráðuneyta.

### Hlutfallsleg skipting vinnustunda stjórnislysendurskoðunar eftir ráðuneytum og undirstofnunum þeirra 2017





Stjórnsýsluúttektir Ríkisendurskoðunar eru að stærstum hluta unnar að frumkvæði stofnunarinnar sjálfar. Sumar eru þó unnar að beiðni Alþingis eða ráðuneyta. Í öllum tilvikum afmarkar ríkisendurskoðandi efnið, ákveður aðferð, áherslur og framsetningu niðurstaðna. Af tíu stjórnsýsluúttektum sem lokið var árið 2017 voru átta frumkvæðisúttektir. Ein úttekt var gerð að beiðni forsætisnefndar Alþingis og ein úttekt var að beiðni innanríkisráðuneytis.

Þriggja ára starfsáætlun stjórnsýslusviðs er nánar útfærð í áætlun sem gildir [fyrir hvert ár](#). Þegar tiltekið viðfangsefni eða verkefni hefur verið valið til skoðunar hefst svokölluð *forkönnun*. Markmið hennar er að meta möguleika og réttmæti þess að hefja úttekt. Leiði forkönnun í ljós umtalsverðan ávinning af úttekt er samin áætlun þar sem settar eru fram þær spurningar sem henni er ætlað að svara, viðfangsefnið afmarkað og aðferðir skilgreindar.

Í *aðalúttekt* er safnað saman öllum fánlegum gögnum sem máli skipta til að svara þeim spurningum sem lagt hefur verið upp með, þau greind, metin og túlkuð á hlutlægan og faglegan hátt. Því næst eru niðurstöður mótaðar og eftir atvikum ábendingar um leiðir til úrbóta. Eftir að skýrsludrög hafa verið rýnd innanhúss eru þau send hlutaðeigandi aðilum til umsagnar. Endanleg skýrsla er síðar gerð opinber og send þeim aðilum sem í hlut eiga.

### Vinnuferli stjórnsýsluúttekta



1. Val á verkefni (starfsáætlun/beiðni)
2. Forkönnun: Greining vandamála og afmörkun úttektar
3. Aðalúttekt: Úrvinnsla gagna og skýrslugerð
4. Gæðarýni
5. Umsagnarferli
6. Útgáfumeðferð
7. Skýrsla send Alþingi og kynnt í SEN
8. Eftirfylgni

Um það bil þremur árum síðar eru viðbrögð stofnana, ráðuneyta eða Alþingis við ábendingum Ríkisendurskoðunar könnuð. Niðurstöður þeirrar *eftirfylgni* eru gerðar opinberar og sendar hlutaðeigandi aðilum. Slík úttekt getur leitt til ítrekaðrar eftirfylgni hafi ekki verið brugðist við ábendingum með fullnægjandi hætti.

## Aðalúttektir sem lokið var árið 2017

Árið 2017 luku starfsmenn stjórnsýslusviðs samtals 29 stjórnsýsluúttektum sem er svipaður fjöldi og undanfarin ár. Þar af voru 10 aðalúttektir og 19 eftirfylgniskýrslur. Að

auki var gefin út niðurstaða einnar forkönnunar um [vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur](#), þar sem ákveðið var að fara ekki út í aðalúttekt að sinni.

Af aðalúttektum fjölluðu þrjár skýrslur um mennta- og menningarmál; [Endurmenntun starfsmanna Stjórnarráðs Íslands](#), [Starfsmenntun á framhaldsskólastigi: Skipulag og stjórnýsla](#) og [Kostnaður og skilvirkni kennaramenntunar. Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri](#). Þrjú skýrslur fjölluðu um atvinnuvega og samgöngumál; [Póst- og fjarskiptastofnun: Málsmæðferð og stjórnýsluhættir](#), [Stjórnýsla ferðamála](#) og [Samgöngustofa - Innheimta kostnaðar](#). Tvær skýrslur féllu í flokk fjármálastjórnar ráðuneyta; [Kaup ráðuneyta á sérfræðipjónustu](#) og [Nýsköpun í ríkisrekstri: Umhverfi, hvatar og hindranir](#). Tvær skýrslur fjölluðu um heilbrigðismál; [Heilsugæsla á landsbyggðinni](#) og [Hjúkrunarfræðingar. Mönnun, menntun og starfsumhverfi](#).

## Birtar stjórnýsluúttektir árið 2017 eftir málaflokkum

Fjármálastjórn ráðuneyta og stofnana	2
Heilbrigðismál	2
Mennta- og menningarmál	3
Atvinnuvega- og samgöngumál	3

## Eftirfylgni ársins 2017

Við eftirfylgni er kannað hvort og þá hvernig brugðist hefur verið við ábendingum Ríkisendurskoðunar, þ.e. hvort hugað hafi verið að þeim annmörkum eða veikleikum sem þær fela í sér og reynt að bæta úr þeim. Hafi ábending ekki haft tilætluð áhrif er hún ítrekuð í eftirfylgniskýrslu sem send er Alþingi og birt opinberlega.

### Birtar eftirfylgniúttektir 2017 eftir málaflokkum

Félags- og tryggingamál	1
Fjármálastjórn ráðuneyta og stofnana	3
Heilbrigðismál	2
Mennta- og menningarmál	5
Skatta- og tollamál	1
Stjórnýsla almennt	4
Umhverfismál	2
Atvinnuvega- og samgöngumál	1

Á árinu 2017 voru 19 eftirfylgniúttektir birtar, þar sem var verið að fylgja eftir 62 ábendingum. Í einu tilfalli var ákveðið að koma nýrri ábendingu á framfæri en eldri ábendingar voru ekki ítrekaðar. Í einu tilfalli var jafnframt ákveðið að hefja nýja aðalúttekt. Hafa ber í huga að Ríkisendurskoðun er ekki stjórnvald. Hún ræður því ekki viðbrögðum ráðuneyta og stofnana við ábendingum sínum og getur aðeins stuðlað að því að þær verði teknar til greina með því að rökstyðja þær vandlega og miðla þeim með skýrum hætti til Alþingis og hlutaðeigandi aðila.

# Önnur eftirlitsverkefni

Hjá Ríkisendurskoðun hafa tvær starfseiningar annast ýmis eftirlitsverkefni sem ekki teljast til fjárhagsendurskoðunar eða stjórnsýsluendurskoðunar. Lögfræði- og skjalastoð annast eftirlitsverkefni sem lúta að aðilum utan ríkiskerfisins. Hér er átt við eftirlit með fjármálum stjórnálagasamtaka og frambjóðenda, staðfesta sjóða og kirkjugarða og sókna. Skrifstofa ríkisendurskoðanda annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga og vinnur ýmsar úttektir á fjármálum og rekstri stofnana.

## Eftirlit með framkvæmd fjárlaga

Auk reglubundinnar fjárhagsendurskoðunar sinnir Ríkisendurskoðun sérstöku eftirliti með framkvæmd fjárlaga í samræmi við lög um stofnunina. Í þessu felst að fylgjast með því hvort stofnanir fara að ákvæðum fjárlaga, fjárreiðulaga og reglugerðar um framkvæmd fjárlaga. Árið 2017 birti Ríkisendurskoðun eina skýrslu með niðurstöðum þessa eftirlits, [Framkvæmd fjárlaga janúar–júní 2017](#). Að auki vann stofnunin umsagnir við frumvörp og sendi fjárlaganefnd minnisblöð í tengslum við þetta eftirlit.



Starfsfólk skrifstofu ríkisendurskoðanda í mars 2018. Frá vinstri: Jón Loftur Björnsson, Sveinn Arason og Svanborg Sigmarsdóttir. Á myndina vantar Ingibjörgu Hallbjörnsdóttur.



Starfsmenn lögfræði- og skjalastoðar í mars 2018. Frá vinstri: Linda Sigurðardóttir, Lárus Ögmundsson og Laufey Ásgrímsdóttir. Á myndina vantar Elínu Ingadóttur

## Eftirlit með fjármálum stjórnálasamtaka og frambjóðenda

Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með fjármálum stjórnálasamtaka og frambjóðenda samkvæmt [lögum nr. 162/2006](#). Lögín skylda stjórnálasamtök til að skila ársreikningi til Ríkisendurskoðunar sem í kjölfarið skal birta útdrátt úr honum. Þá skulu frambjóðendur í persónukjöri skila stofnuninni uppgjöri um tekjur og kostnað vegna kosningabaráttu eigi síðar en þremur mánuðum eftir að kjör fer fram. Sé heildarkostnaður frambjóðanda af kosningabaráttu ekki hærri en 400 þús. kr. nægir þó að skila skriflegri yfirlýsingu þar um. Ríkisendurskoðun skal síðan birta útdrátt úr slíkum uppgjörum.

Stjórnálasamtökum er gefinn frestur til 1. október ár hvert til að skila reikningum næstliðins árs til Ríkisendurskoðunar. Samtals níu stjórnálasamtök skiluðu reikningum ársins 2016 fyrir 1. október 2017 en fjögur samtök skiluðu síðar. Þá bárust reikningar tveggja stjórnálasamtaka fyrir árið 2015. Enginn einstaklingur skilaði uppgjöri eða yfirlýsingu vegna prófkjörs fyrir alþingiskosningarnar sem fram fóru árið 2017.

## Eftirlit með sjálfseignarstofnunum sem ekki stunda atvinnurekstur

Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með fjárreiðum aðila sem starfa samkvæmt [lögum nr. 19/1988](#) um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Hér er um að ræða sjálfseignarstofnanir sem ekki stunda atvinnurekstur. Þessum aðilum er skylt að senda ársreikninga sína til Ríkisendurskoðunar eigi síðar en 30. júní ár hvert. Ríkisendurskoðun heldur skrá um tekjur og gjöld þessara aðila, ásamt athugasemdum við framlagða reikninga.

Í desember 2017 birti Ríkisendurskoðun [Útdrátt úr ársreikningum sjóða og sjálfseignarstofnana 2016](#). Þar kom fram að þá höfðu 364 aðilar, af samtals 731 sem voru á sjóðaskrá, skilað ársreikningi fyrir rekstrarárið 2016. Jafnmargir, eða 364 sjóðir eða sjálfseignarstofnanir, höfðu ekki skilað inn ársreikningi fyrir rekstrarárið 2016, þar voru 22 aðilar sem höfðu ekki skilað ársreikningi í áratug eða lengur og 96 aðilar sem ekki hafa skilað ársreikningi í fimm til tíu ár. Um 50 sjóðir og stofnanir hafa aldrei skilað ársreikningi. Ríkisendurskoðun hefur samband við forráðamenn þeirra sjóða og stofnana sem ekki skila ársreikningi á réttum tíma þar sem þeir eru eindregið hvattir til að skila. Þetta dugar þó ekki alltaf til og tilkynnir stofnunin þá um það til Sýslumannsins á Sauðárkróki.

## Eftirlit með ársreikningum kirkjugarða og sókna

Samkvæmt [lögum nr. 36/1993](#) um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu er stjórnnum kirkjugarða skylt að senda ársreikninga sína til Ríkisendurskoðunar fyrir 1. júní ár hvert. Stofnunin yfirfer reikningana, áritanir endurskoðenda og stemmir af samtölur. Þá heldur hún skrá þar sem upplýsingar úr ársreikningum kirkjugarða um rekstur og efnahag er að finna. Í byrjun október 2017 höfðu borist reikningar 196 kirkjugarða af samtals 242. Með hliðsjón af dræmum heimtum undanfarin ár hefur Ríkisendurskoðun ítrekað hvatt til þess að kannaðir verði möguleikar á frekari sameiningum kirkjugarðsstjórna. Í nóvember birti stofnunin [Yfirlit um ársreikninga kirkjugarða vegna ársins 2016](#).

Samkvæmt samkomulagi við þjóðkirkjuna sendir Biskupsstofa ársreikninga sókna til Ríkisendurskoðunar sem yfirfer þá, aðgætir hvort áritanir endurskoðenda séu í lagi og stemmir af samtölur. Þá heldur hún skrá þar sem upplýsingar úr ársreikningum sókna um rekstur og efnahag er að finna. Í október 2017 höfðu Ríkisendurskoðun borist ársreikningar frá 234 sóknum fyrir árið 2016 af samtals 267 starfandi sóknum. Í nóvember birti stofnunin [Yfirlit um ársreikninga sókna vegna ársins 2016](#).



# Lög um opinber fjármál og endurskoðun

## Eftir Birgi Finnbogason, löggiltan endurskoðanda

Með lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF) voru gerðar miklar breytingar á reikningsskilum ríkissjóðs og ríkisaðila. Nú fyrst, fyrir árið 2017, ber að gera ársreikninga ríkissjóðs og ríkisaðila í samræmi við lögini, þar sem ákvæði þeirra varðandi reikningsskil tóku ekki gildi samtímis öðrum ákvæðum LOF, þann 1. janúar 2016, heldur var frestað til ársins 2017.

Lög um fjárreiður ríkisins, sem giltu til og með ársins 2016, fólu í sér að reikningsskil ríkissjóðs og ríkisaðila áttu að byggjast í meginatriðum á lögum um ársreikninga. Þó voru

ákveðin frávik frá almennum reikningsskilareglum og lögum um ársreikninga, einkum varðandi A-hluta ríkisins, sem höfðu mikil áhrif á innihald og framsetningu ríkisreiknings.

Með nýjum lögum eiga frávik að heyra sögunni til og reikningsskil ríkisins eiga að innihalda hliðstæðar fjárhagsupplýsingar og hjá öðrum aðilum sem gera reikningsskil sín á rekstrargrunni. Það sem er mest um vert er að samkvæmt lögnum er ríkisaðilum gert að fylgja samræmdu regluverki sem hefur þróast og mótast með þarfir notenda að leiðarljósi. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar skiptast annars vegar í staðla sem miða að starfsemi hins opinbera (IPSAS)<sup>1</sup> og hins vegar að aðilum í atvinnulífinu (IFRS)<sup>2</sup>. Nokkur munur er á þessum stöðlum þó þeir byggja á sama grunni.

Reikningsskil ríkisaðila í B- og C- hluta hafa undanfarin ár verið í samræmi við ákvæði ársreikningalaga og beita nokkrir þeirra IFRS stöðlunum. Þessir aðilar hafa aðgang að fullnægjandi þekkingu til að gera reikningsskilin í samræmi við viðeigandi regluverk. Reikningsskil flestra ríkisaðila í A-hluta eru unnin af viðkomandi aðilum með aðstoð Fjársýslu ríkisins. Samkvæmt eldri fjárreiðulögum var ekki margt sem kallaði á flókin reikningshaldsleg úrlausnarefni enda ákvæði í lögnum sem heimiluðu undantekningar frá reglum um reikningsskil á rekstrargrunni. Með nýjum lögum verða til ýmis flókin álitæfni sem þarf að leysa og í stað þekkingar á tiltölulega einföldu regluverki þurfa fjármálastjórnendur og starfsfólk í reikningshaldi að kunna skil á flóknu regluverki sem m.a. byggir á rúmlega 30 IPSAS stöðlum.

Með nýjum lögum  
verða til ýmis  
flókin álitæfni sem  
þarf að leysa

Breytingar á reikningsskilum ríkisins hafa mikil áhrif á þann þátt í starfsemi ríkisendurskoðanda sem lýtur að fjárhagsendurskoðun. Til þess að geta sinnt endurskoðunarverkefnum hjá A-hluta ríkisaðilum þarf aukinn fjöldi starfsmanna að hafa góða þekkingu á alþjóðlegum reikningsskilareglum. Á háskólastigi, þar sem kennd er endurskoðun og reikningshald, hefur lítil sem engin áhersla verið á reikningshald og endurskoðun hjá opinberum aðilum. Ríkisendurskoðun hefur því sjálf séð um þjálfun og endurmenntun starfsfólks á því sviði. Miðað við bein og óbein umsvif hins opinbera í efnahags- og viðskiptalífinu er þörf á að bæta þekkingu á reikningshaldi og reikningsskilum hjá hinu opinbera svo gæði þeirra upplýsinga sem miðlað er til notenda verði sem best tryggð.

Vissulega er almenn og góð þekking á reikningsskilum og endurskoðun hjá endurskoðunarfyrtækjum og sérhæfing á sviði alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Sú sérhæfing á þó einkum við um IFRS en þau íslensku fyrirtæki sem eru aðilar að alþjóðafyrirtækjum á sviði endurskoðunar og reikningshalds hafa gott aðgengi að þekkingu á IPSAS innan sinna raða. Á síðustu árum hafa IPSAS staðlarnir þróast til að mæta betur þörfum hins opinbera

<sup>1</sup> International Public Sector Accounting Standards

<sup>2</sup> International Financial Reporting Standards

og sífelld fleiri opinberir aðilar og alþjóðastofnanir hafa tekið þá upp. Þess vegna er mikilvægt að þekking á þessu regluverki sé almenn og hluti menntunar á sviði endurskoðunar og reikningshalds. Innan opinbera geirans er ekki fullnægjandi að hún sé einungis til staðar hjá ríkisendurskoðanda og undirstofnun fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Mikilvægt er að þeir aðilar sem bera ábyrgð á fjármálastjórn ríkisins sjái til þess að til staðar sé viðeigandi þekking hjá ríkisaðilum svo tryggt sé að notendur reikningsskilanna fái þær fjárhagsupplýsingar sem lög gera ráð fyrir.

IPSAS staðlarnir miðast við aðila sem einkum eru fjármagnaðir með sköttum, hvort sem er með beinum hætti eða með tilfærslum. Það á m.a. við um sveitarfélög, félagasamtök sem eru háð framlögum hins opinbera, sjálfseignarstofnanir o.fl. Enn sem komið er byggja þessir aðilar reikningsskil sín yfirleitt á lögum um ársreikninga þó þeim sé það ekki skylt skv. ársreikningalögum, en sveitarfélögum er það skylt skv. sveitarstjórnarlögum. Lög um ársreikninga eru ekki sniðin að þörfum opinberra aðila, enda tekur gildissvið ársreikningalaganna fyrst og fremst til aðila sem hafa fjárhagslegan ávinning að leiðarljósi. Þess vegna má gera ráð fyrir að fleiri opinberir aðilar en ríkið muni í náinni framtíð innleiða IPSAS staðlanna og reikningsskil opinberra<sup>3</sup> aðila verði samræmd.

Eins og að framan er lýst stendur ríkisendurskoðandi frammi fyrir nýjum áskorunum við endurskoðun á ríkisreikningi og ársreikningum ríkisaðila og er verkefnið umfangsmikið og flókið. En bætt almenn þekking og skilningur á reikningsskilareglum fyrir hið opinbera mun gera viðfangsefnið auðveldara og viðbúið að þörfum notenda verði betur þjónað.

---

<sup>3</sup> Opinberir aðilar eru hér þeir sem einkanlega eru fjármagnaðir með sköttum eða opinberum framlögum





## Þarf að hafa eftirlit með eftirlitinu?

### Eftir Markús Ingólf Eiríksson, sérfræðing á stjórnsýslusviði

Hlutverk Ríkisendurskoðunar er að hafa eftirlit með fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja í umboði Alþingis. Þá hefur stofnunin eftirlit með tekjum ríkisins og að fjármunum þess sé ráðstafað á hagkvæman og réttmætan hátt. Til þess að framfylgja þessu hlutverki sínu skiptist stofnunin í tvö megin eftirlitssvið; endurskoðunarsvið og stjórnsýslusvið. Endurskoðunarsvið ber ábyrgð á ytri endurskoðun ríkisaðila og hefur eftirlit með fjárreiðum reikningsskilum og innra eftirliti þeirra. Stjórnsýslusvið hefur eftirlit með árangri ríkisaðila, hagkvæmni og skilvirkni. Bæði svið eiga það sammerkt að hafa það ávallt að leiðarljósi að fylgjast með hvort vel sé farið með fé ríkisins.

Stjórnsýsluendurskoðun og ytri endurskoðun eru nokkuð ólíkar greinar þótt nafngift þeirra hafi sama endi. Ytri endurskoðun þarf að vera starfrækt á meðan fyrirtæki og stofnanir hafa tækifæri til að gefa annað en glögga mynd af niðurstöðu rekstrar þeirra og efnahag í sínum reikningsskilum. Efnahagslegir hvatar til þess að birta röng reikningsskil geta verið til staðar líkt og á sér stað við skattskil. Því verður eftirlit með reikningsskilum og skattskilum nauðsynlegt þar til að kerfum sem koma í veg fyrir mistök eða sviksemi verður komið á fót.

Öðru máli gegnir í raun um stjórnsýsluendurskoðun. Stofnanir ríkisins ættu að vera skipaðar metnaðarfullum stjórnendum sem hafa brennandi áhuga á að veita þegnum þess sem besta þjónustu á sem árangursríkasta, hagkvæmasta og skilvirkasta hátt. Þá ættu ferlar stofnana að vera hannaðir til að ná þeim markmiðum og að koma í veg fyrir að mistök í rekstri þeirra geti átt sér stað. Í þeim tilvikum sem þau ættu sér stað ætti innra eftirlit stofnananna að grípa inn í.

## Ferlar stofnana eiga að vera hannaðir til að ná markmiðum og koma í veg fyrir að mistök í rekstri

Dæmi um það hvernig ferlar hafa verið hannaðir til að koma í veg fyrir að mistök eigi sér stað til að byrja með má finna hjá ríkisskattstjóra. Framtöl launþega eru nánast orðin sjálfvirk, þar sem flestar upplýsingar um fjárhag einstaklinga eru forskráð í framtöl þeirra. Með því móti er annars vegar ólíklegra að framteljendur geri mistök við framtölin og hins vegar auðveldar það eftirlit stofnunarinnar með skattskilunum. Slíkir ferlar hafa einnig verið hannaðir hjá Tryggingastofnun ríkisins, sem gera það t.d. ómögulegt að sækja um barnatengdar bætur eða aðstoð ef barn er ekki tengt viðkomandi umsækjanda í Þjóðskrá. Einnig geta einstaklingar ekki sótt um ellilífeyris-

greiðslur nema að hafa til þess aldur. Þessi skilyrði sem sett eru við umsókn draga úr mistökum stofnunarinnar við að greiða út bætur.

Í þeim tilvikum sem starfsemi stofnana ríkisins nær ekki settum markmiðum hafa viðkomandi ráðuneyti eftirlit með þeim. Með þeirri tilhögun hefur ríkisvaldið ætlað sér að tryggja að ytra eftirlit af hálfu ráðuneytanna gripi inn í rekstur undirstofnana sinna ef innra eftirlit þeirra brygðist. Því má færa rök fyrir því að frekara eftirlit með rekstri ríkisaðila ætti að vera óþarft. Veruleikinn er aftur á móti annar eins og sjá má í skýrslum Ríkisendurskoðunar til Alþingis þar sem að víða er úrbóta þörf á starfsemi stofnana ríkisins. Í því sambandi nægir að skoða skýrslur stofnunarinnar um heilbrigðismál sem er stærsti útgjaldaliður ríkisins. Því má segja að skýrslur Ríkisendurskoðunar dragi fram mikilvægi þess að lög-gjafarvaldið haldi áfram sjálfstæðu og öfluggu eftirliti með framkvæmdavaldinu. Það eru því frekar ástæður til að auka eftirlit með stofnunum ríkisins.



## Að mæta nýjum áskorunum með aukinni þekkingu

Eftir Thelmu Hillers, sérfræðing á endurskoðunarviði

Í heimi hraðra breytinga þurfa einstaklingar og fyrirtæki stöðugt að mæta nýjum áskorunum. Ríkisendurskoðun hefur lagt sitt af mörkum til að mæta þessum breytingum. Í samræmi við menntunarstefnu Ríkisendurskoðunar leggur stofnunin áherslu á að starfsfólk hennar hafi þekkingu, reynslu og hæfni til að sinna þeim verkefnum sem henni eru falin hverju sinni. Þá ber stofnuninni að tryggja að starfsfólk hafi til að bera viðeigandi skilning á umhverfi hins opinbera og þeirri vinnu sem ætlast er til að innt sé af hendi.

Til að uppfylla þessa stefnu hefur Ríkisendurskoðun sett á fót menntunarnefnd fyrir stofnunina í heild auk þess sem innan endurskoðunarsviðs og stjórnarsýslusviðs eru starfandi fræðslunefndir. Fræðslu- og upplýsingahópur endurskoðunarsviðs (FUE) var formlega settur á laggirnar á haustmánuðum 2014 og er því á fjórða starfsári sínu. Meginhlutverk hópsins er að:

- ✓ Greina og taka saman upplýsingar um þarfir sviðsins fyrir fræðslu og endurmenntun.
- ✓ Skipuleggja námskeið og fræðslu innan sviðsins.
- ✓ Koma með tillögu til sviðsstjóra um námskeiðsáætlun fyrir næsta ár.
- ✓ Skipuleggja skjalahreinsunardag einu sinni á ári í samvinnu við skjalavörð.
- ✓ Skipuleggja starfsdaga einu sinni ári.
- ✓ Halda utan um endurmenntunaráætlun starfsmanna og aðstoða við skipulagningu þeirra.
- ✓ Taka þátt í mótun innri vefs fyrir endurskoðunarsvið
- ✓ Samræma upplýsingagjöf sviðsins fyrir vef Ríkisendurskoðunar

Við skipulag námskeiða og fræðslu hefur efnisval stjórnast af því sem brýnt hefur þótt að taka fyrir hverju sinni, í samráði við sviðsstjóra, deildarstjóra og ábendingar frá starfsmönnum. Hefur efnisvalið m.a. mótast af þeim áskorunum sem sviðið stendur frammi fyrir, eins og við innleiðingu alþjóðlegra endurskoðunarstaðla (ISSAI) og nýs endurskoðunartölvukerfis (Descartes), sem staðið hefur yfir á undarförnum árum. Fræðsla fer oft fram með þeim hætti að utanaðkomandi aðilar eru fengnir til að halda námskeið og fyrirlestra í sal Ríkisendurskoðunar. Þá eru starfsmenn stofnunarinnar gjarnan fengnir til að miðla fróðleik sínum og þekkingu. Í sumum tilfellum hefur verið farið á námskeið utan stofnunarinnar. Auk fjölmargra fyrirlestra og námskeiða um endurskoðun sem haldin hafa verið má nefna m.a.

yfirferð alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IPSAS) og endurskoðunarstaðla (ISSAI), Descartes námskeið, Pivot töflunámskeið og markþjálfun. Einnig ber að nefna að starfsmenn Fjár-sýslunnar hafa verið einkar liðlegir að verða við beiðni okkar um námskeið og fyrirlestra um margs konar efni sem tengist fjárhagskerfi ríkisins.

Fastir liðir á hverju ári hafa verið starfsdagar hjá endurskoðunarsviði. Starfsdagarnir eru haldnir snemma á haustin og hafa yfirleitt staðið yfir í þrjú daga. Á þessum dögum er gjarnan kafað dýpra í eitthvað ákveðið efni, sem skipulagt hefur verið og jafnvel unnið í hópum. Þá hafa gjarnan verið fengnir utanaðkomandi aðilar til að halda námskeið eða fyrirlestra. Sem dæmi má nefna aðila frá endurskoðunarfyrirtækjunum KPMG, PWC, Deloitte og Ernst and Young.

Fræðslufundirnir hafa verið vel sótt af starfsmönnum enda þurfa allir að viðhalda sinni þekkingu og halda sér upplýstum til að geta sinnt starfi sínu af kostgæfni. Orðatiltækið „Menntun er máttur“ á því ávallt vel við.

## Efnisval fræðslu- og upplýsingahóps mótast af þeim áskorunum sem sviðið stendur frammi fyrir

# Starfsmenn í árslok 2017

Sveinn Arason ríkisendurskoðandi

## Skrifstofa ríkisendurskoðanda

Jón L. Björnsson skrifstofustjóri  
Ingibjörg Hallbjörnsdóttir sérfræðingur  
Svanborg Sigmarsdóttir, upplýsinga- og alþjóðafulltrúi

## Endurskoðunarsvið

Ingi K. Magnússon sviðsstjóri  
Albert Ólafsson deildarstjóri  
Óskar Sverrisson deildarstjóri  
Sigurgeir Bóasson deildarstjóri  
Þorbjörg Guðnadóttir deildarstjóri  
Auður Guðjónsdóttir sérfræðingur  
Álfheiður D. Gunnarsdóttir sérfræðingur  
Birgir Finnbogason sérfræðingur  
Brynja Pétursdóttir sérfræðingur  
Geir Gunnlaugsson sérfræðingur  
Grétar Bjarni Guðjónsson sérfræðingur  
Guðbrandur R. Leósson sérfræðingur  
Guðjón Magnússon sérfræðingur  
Guðmundur Ó. Magnússon sérfræðingur  
Guðrún Eggertsdóttir sérfræðingur  
Helgi Guðmundsson sérfræðingur  
Karlotta Aðalsteinsdóttir sérfræðingur  
Kristín Inga Pétursdóttir sérfræðingur  
Kristín Þorbjörg Jónsdóttir sérfræðingur  
María Bjargmundsdóttir ritari  
Péter Szklenár sérfræðingur  
Sigríður H. Sigurðardóttir sérfræðingur  
Svafa Þ. Hinriksdóttir sérfræðingur  
Telma Steingrímsdóttir sérfræðingur  
Thelma Hillers sérfræðingur  
Viðar H. Jónsson sérfræðingur

## Stjórnsýslusvið

Þórir Óskarsson sviðsstjóri  
Hrafnhildur Ragnarsdóttir deildarstjóri  
Jakob G. Rúnarsson deildarstjóri  
Berglind Eygló Jónsdóttir sérfræðingur  
Elísabet Stefánsdóttir sérfræðingur  
Gestur Páll Reynisson sérfræðingur  
Magnús L. Magnússon sérfræðingur  
Markús Ingólfur Eiríksson sérfræðingur  
Sigríður Kristjánsdóttir sérfræðingur

## Rekstrarstoð

Eyþór Borgþórsson rekstrarstjóri  
Ásdís Hauksdóttir fulltrúi  
Steinunn Gísladóttir matráðskona  
Sigurður Þorvaldsson sendill

## Lögfræði- og skjalastoð

Lárus Ögmundsson yfirlögfræðingur  
Elín Ingadóttir  
Laufey Ásgrímsdóttir skjalastjóri  
Linda Sigurðardóttir sérfræðingur

# Ársreikningur 2017

## Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Þann 25. maí 2016 samþykkti Alþingi ný lög, nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Lögin voru staðfest 7. júní 2016 og tóku gildi 1. janúar 2017. Meginbreyting frá fyrri lögum er að þau fjalla nú um embætti ríkisendurskoðanda sem starfar á vegum Alþingis. Hann er trúnaðarmaður þess og ábyrgur gagnvart því við endurskoðun og eftirlit með rekstri og fjármálum ríkisins. Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar.

Hlutverk ríkisendurskoðanda er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja á þann hátt sem nánar greinir í lögnum. Hann skal í störfum sínum hafa eftirlit með tekjum ríkisins og að fjárheimildir og hvers konar verðmæti séu nýtt og þeim ráðstafað á hagkvæman og réttmætan hátt og í samræmi við forsendur og ákvarðanir Alþingis.

Ríkisendurskoðandi skal upplýsa Alþingi og stjórnvöld um málefni sem varða rekstur og fjárreiður ríkisins, leiða í ljós frávik frá lögum og reglum á því sviði og gera tillögur að úrbótum, bættri stjórnábyrgð og betri nýtingu ríkisfjár.

Frá og með árbyrjun 2017 tóku gildi nýjar reikningskilareglur fyrir ríkisaðila í A-hluta. Frá þeim tíma skal reikningshald vera á fullum rekstrargrunni. Það hefur í för með sér eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna og réttinda ásamt uppfærslu skuldbindinga sem fylgja rekstri ríkisaðila í A-hluta og þar með Ríkisendurskoðun. Ríkisendurskoðandi var með fyrirvara við reikningskilaaðferð í stofnefnahagsreikningi 1. janúar 2017.

Ríkisendurskoðandi vísar til skýringar nr. 17 um ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis að bæta stofnunum neikvæð áhrif færslu orlofsskuldbindinga á höfuðstól ríkisaðila. Ríkisendurskoðandi hefur ekki tekið tillit til þessarar færslu þar sem hún styðst ekki við reikningskilareglu og er án fjárheimildar. Einnig er vísað til skýringar 18 um frestaðar tekjur vegna fjárfestinga en þar gerir ríkisendurskoðandi athugasemd við notkun viðkomandi reikningskilareglu.

Á árinu 2017 varð 31,9 m.kr. tekjuafgangur af rekstri stofnunarinnar. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 110,2 m.kr., skuldir 95,3 m.kr. og eigið fé nam 14,9 m.kr. í árslok 2017.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og stjórnvaldsfyrirmæli með fyrirvara um athugasemdir sem fram koma í skýringum 17 og 18 og fjalla um óviðeigandi reikningskilareglur og skort á fjárheimild. Ríkisendurskoðandi og rekstrarstjóri staðfesta ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2017.

Reykjavík, 30. apríl 2018.



Sveinn Arason  
ríkisendurskoðandi



Eyþór Borgþórsson  
rekstrarstjóri

# Áritun endurskoðanda

Til forsætisnefndar Alþingis

## Álit

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu ríkisendurskoðanda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ríkisendurskoðunar á árinu 2017, efnahag hennar 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um opinber fjármál og stjórnvaldsfyrirmæli.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð mín samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Ég er óháður Ríkisendurskoðun og í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi hef ég uppfyllt ákvæði þeirra. Ég tel að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit mitt.

## Ábending

Með gildistöku laga nr. 123/2015 um opinber fjármál (LOF) sem öðluðust gildi 1. janúar 2016 með þeirri undantekningu að ársreikningar ríkisaðila skulu í fyrsta sinn gerðir samkvæmt lögnum fyrir árið 2017. Til að uppfylla ákvæði LOF ber því að gera ársreikning Ríkisendurskoðunar að fullu í samræmi við lög um ársreikninga. Ef lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur taka ekki á tilteknum atriðum er heimilt að byggja á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir opinbera aðila (IPSAS), sbr. bréf fjármála- og efnahagsráðuneytisins til Fjársýslu ríkisins dags. 22. desember 2017.

Það er álit endurskoðanda að ársreikningur Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2017 víki frá lögum um ársreikninga og settar reikningsskilareglur hvað varðar eftirfarandi:

- Að færa til skuldar í efnahagsreikningi mótfærslu við eignfærða varanlega rekstrarfjármuni að fjárhæð 23,2 m.kr., sem aflað var með fjárveitingu frá ríkissjóði, sbr. skýringar um grundvöll reikningsskila og varanlega rekstrarfjármuni ásamt skýringum nr. 13, 17 og 18 í ársreikningi Ríkisendurskoðunar.

Þær færslur sem gerð er athugasemd við hér að framan byggja á fyrirmælum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og er vísað til þeirra í skýringum 17 og 18 með ársreikningnum auk upplýsinga í skýrslu ríkisendurskoðanda og einstaka skýringum.

## Ábyrgð ríkisendurskoðanda á ársreikningnum

Ríkisendurskoðandi er ábyrgur fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og lög um opinber fjármál. Samkvæmt því ber honum að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð ríkisendurskoðanda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Við gerð ársreiknings er ríkisendurskoðandi ábyrgur fyrir því að meta rekstrarhæfi Ríkisendurskoðunar og setja inn skýringu ef þess er þörf.

## Áritun endurskoðanda frh.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið mitt er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit mitt. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar sér eða samanlagðar.

Endurskoðun mín er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Ég framkvæmi einnig eftirfarandi:

- Greini og met hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipulegg og framkvæmi endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit mitt. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Afla skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og kanna hvort það tryggir viðunandi árangur.

- Met hvort reikningskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat ríkisendurskoðanda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi.

- Álykta um notkun ríkisendurskoðanda á forsendunni um rekstrarhæfi og met á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef ég teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber mér að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun minni. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf ég að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða mín byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar minnar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi embættisins.

- Met í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, met framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með taldar skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ég upplýsi ríkisendurskoðanda um áætlað umfang endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðun mína þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Reykjavík, 30. apríl 2018.



Gunnar Sigurðsson  
endurskoðandi



## Rekstrarreikningur 2017

	Skýr.	2017	2016
<b>Tekjur</b>			
Seld þjónusta .....		99.995.689	57.213.215
Eignasala .....		0	2.906.000
	<b>1</b>	<u>99.995.689</u>	<u>60.119.215</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	2	622.131.611	539.671.694
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	3	11.590.029	10.756.903
Funda- og ferðakostnaður .....	4	10.453.867	6.840.532
Aðkeypt sérfræðiþjónusta .....	5	23.637.673	13.782.389
Rekstur tækja og áhalda .....	6	1.788.075	967.834
Annar rekstrarkostnaður .....	7	6.523.451	6.606.020
Húsnæðiskostnaður .....	8	31.509.402	31.289.052
Bifreiðarekstur .....	9	499.612	779.783
Afskriftir .....	11	5.557.157	0
		<u>713.690.877</u>	<u>610.694.207</u>
Eignakaup .....		0	15.060.952
		<u>713.690.877</u>	<u>625.755.159</u>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármunatekjur</b>		<b>( 613.695.188)</b>	<b>( 565.635.944)</b>
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) .....	10	<u>( 59.593)</u>	<u>( 21.528)</u>
<b>Tekjuhalli fyrir ríkisframlag</b>		<b>( 613.754.781)</b>	<b>( 565.657.472)</b>
Ríkisframlag .....	16	<u>645.610.575</u>	<u>578.200.000</u>
<b>Tekjuafgangur ársins</b>		<b><u>31.855.794</u></b>	<b><u>12.542.528</u></b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýr.	2017	1. janúar 2017
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	11	23.264.990	23.175.565
		<u>23.264.990</u>	<u>23.175.565</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Ríkissjóður .....	12	61.183.038	48.201.871
Kröfur á tengda aðila .....	12	5.816.000	586.050
Viðskiptakröfur .....		19.756.251	3.594.010
Fyrirframgreiðslur .....		53.725	120.610
Handbært fé .....		138.611	103.836
		<u>86.947.625</u>	<u>52.606.377</u>
<b>Eignir alls</b>		<u>110.212.615</u>	<u>75.781.942</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
<i>Höfuðstóll:</i>			
Höfuðstóll í ársbyrjun .....		( 16.905.815)	47.007.258
Niurfelldar fjárheimildir skv. lokafjárlögum 2016 .....		0	( 2.466.251)
Endurmat orlofsskuldbindingar upphafi árs vegna LOF .....		0	( 61.446.822)
Tekjuafgangur ársins .....		31.855.794	0
<b>Höfuðstóll</b> 16,17		<u>14.949.979</u>	<u>( 16.905.815)</u>
<b>Eigið fé</b>		<u>14.949.979</u>	<u>( 16.905.815)</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Skuldbindingar</b>			
Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga .....	13,18	23.264.990	23.175.565
		<u>23.264.990</u>	<u>23.175.565</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Orlofsskuldbindingar .....	14	59.602.876	61.446.822
Skuldir við tengda aðila .....	15	370.548	219.375
Viðskiptaskuldir .....		11.786.949	7.592.796
Aðrar skammtímaskuldir .....		237.273	253.199
		<u>71.997.646</u>	<u>69.512.192</u>
		<u>95.262.636</u>	<u>92.687.757</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>110.212.615</u>	<u>75.781.942</u>

## Sjóðstreymi árið 2017

	Skýr.	2017	2016
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
<i>Veltufé frá rekstri:</i>			
Tekjuafgangur.....		31.855.794	12.542.528
Afskriftir.....		5.557.157	0
Orlofsskuldbinding, breyting.....	(	1.843.946)	0
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<u>35.569.005</u>	<u>12.542.528</u>
<i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun).....	(	21.325.306)	( 3.018.960)
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun.....		4.329.400	853.950
	(	16.995.906)	( 2.165.010)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>18.573.099</u>	<u>10.377.518</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting á árinu .....	(	5.646.582)	0
	(	5.646.582)	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>			
Framlag ríkissjóðs.....	(	645.610.575)	( 578.200.000)
Greitt úr ríkissjóði.....		632.718.833	567.521.210
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	(	12.891.742)	( 10.678.790)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....</b>		34.775	( 301.272)
<b>Handbært fé í ársbyrjun.....</b>		<u>103.836</u>	<u>405.108</u>
<b>Handbært fé í lok ársins</b>		<u>138.611</u>	<u>103.836</u>

# Skýringar

## Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Ríkisendurskoðunar er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, nr. 123/2015. Í þeim er tilgreint að lög um ársreikninga gildi um A-hluta ríkisaðila. Hins vegar gilda alþjóðlegir reikningsskilastaðlar fyrir opinbera aðila um A-hluta ríkissjóð í heild.

Reikningsskil eru frá árinu 2017 á rekstrargrunni og eru færð á kostnaðarverði en í því felst eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna, einnig áður gjaldfærðra rekstrarfjármuna, og ýmissa réttinda sem snerta rekstur stofnunarinnar. Uppfærsla orlofsskuldbindingar í byrjun árs og bókun hreyfinga sem verður á henni á árinu. Einnig eru færðar aðrar skuldbindingar sem lúta að rekstri stofnunarinnar.

Í ársreikningi 2017 eru birtar samanburðarfjárhæðir fyrra árs vegna rekstrarþátta skv. framsetningu í ársreikningi 2016.

Stofnefnahagsreikningur Ríkisendurskoðunar þann 1. janúar 2017 var staðfestur 16. mars 2018. Þar er gerð grein fyrir eignfærslu áður gjaldfærðra rekstrarfjármuna og uppfærslu orlofsskuldbindingar. Þessi reikningsskilaaðferð er í samræmi við ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis og Fjársýslu ríkisins. Í reikningnum er fyrirvari af hálfu ríkisendurskoðanda.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærð á kostnaðarverði og afskrifuð á áætlðuðum notkunartíma. Framlag ríkissjóðs til fjárfestinga er fært til skuldar sem frestaðar fjárheimildir. Tekjufærsla vegna fjárfestingaheimilda, sem er jafnhá afskriftum, er færð árlega til tekna með mótfærslu á frestaðar tekjur vegna fjárfestinga. Þessi reikningsskilaaðferð og færslur eru skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis og Fjársýslu ríkisins. Ríkisendurskoðandi hefur gert fyrirvara um þessa færsluaðferð.

## Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki eru almennt undanþegin álagningu tekjuskatta.

## Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

## Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð í þeim mánuði sem stofnað er til útgjalda.

## Starfsþáttagreining

Í skýringum er rekstri stofnunarinnar skipt eftir verkefnum sem falla að skipulagi hennar.

## Skammtimacröfur

Skammtimacröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

## Skýringar

### Handbært fé

Stofnunin heldur engan sjóð en á innstæðu á bankareikningi.

### Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvilandi. Í samræmi við ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis er lífeyrisskuldbinding einstakra ríkisaðila í A-hluta ekki færð í ársreikning þeirra heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

### Orlof

Áfallið og gjaldfallið orlof er fært upp miðað við viðeigandi launaupplýsingar.

### Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

### Bókhald og fjárvarsla

Fjárýsli ríkisins hefur verið fallið að annast launavinnslu, bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir stofnunina.

### Fjárheimildir og rekstur

Fjárveiting í fylgiriti fjárlaga 2017 til Ríkisendurskoðunar nam samtals 645,7 m.kr. Af þeirri fjárhæð er 5,6 m.kr. fjárfesting færð á fyrirframgreidd framlög og 5,5 m.kr. fjárfestingaframlag sem er jafnhátt afskriftum ársins. Í heild urðu fjárveitingar á árinu 645,6 m.kr.

Rekstrargjöld, að frádragnum sjálfsafletekjum, námu samtals 613,8 m.kr. og urðu því 31,9 m.kr. innan fjárveitinga ársins. Sundurliðun er sem hér greinir:

í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Seld þjónusta .....	( 43.300)	( 43.300)	( 99.996)	56.696
Laun og launatengd gjöld .....	598.100	598.100	622.132	( 24.032)
Önnur rekstrargjöld .....	85.300	85.249	91.619	( 6.370)
	640.100	640.049	613.755	26.294
Fjárfestingaframlag .....	5.600	5.562	0	5.562
	645.700	645.611	613.755	31.856

Sundurliðun eftir viðfangsefnum í þús. kr.:

	2017	2016
Seld þjónusta .....	( 99.996)	( 60.119)
101 Ríkisendurskoðun .....	713.750	610.716
601 Stofnkostnaður .....	0	15.061
	613.755	565.657

# Skýringar

## Starfsþáttgreining

Rekstrarreikningur sundurliðaður eftir viðfangsefnum sem byggja á tímaskráningarkerfi stofnunarinnar.

	2017	2016
Fjárhagsendurskoðun .....	336.338	305.455
Stjórnsýsluendurskoðun .....	128.275	118.788
Rekstrarstoð .....	57.693	56.566
Lögfræði- og skjalastoð .....	46.032	45.253
Skrifstofa ríkisendurskoðanda .....	45.418	39.596
	<u>613.755</u>	<u>565.657</u>

## Sundurliðanir

### 1. Seld þjónusta

Þjónustutekjur stofnunarinnar felast að mestu í seldri endurskoðunarþjónustu til ríkisfyrirtækja. Til viðbótar eru tekjur vegna endurskoðunar rannsóknaverkefna sem styrkt eru af rannsóknaráætlun ESB auk þjónustutekna frá EFTA vegna endurskoðunar á FMO. Breyting frá fyrra ári skýrist af þjónustutekjum frá Lindarhvoli ehf. vegna endurskoðunar og eftirlits.

Seld endurskoðunarþjónusta .....	99.995.689	57.213.215
Seld bifreið .....	0	2.906.000
	<u>99.995.689</u>	<u>60.119.215</u>

### 2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld námu 622,1 m.kr. og hækkuðu milli ára um 82,5 m.kr. eða 15,3%. Í árslok 2017 voru starfsmenn Ríkisendurskoðunar 46 sem er fjölgun um einn frá fyrra ári. Ársverk fastráðinna starfsmanna á árinu 2017 miðað við dagvinnu voru 45,7 sem er fjölgun um 2,7 frá fyrra ári. Launabreytingar á árinu 2017 voru í samræmi við umsámin ákvæði í kjarasamningi og stofnanasamningi. Áfallið orlof sem var fært upp og skuldfært 1. janúar 2017 nam 61,4 m.kr. en í lok ársins nam það 59,6 m.kr. og lækkaði um 1,8 m.kr. á árinu.

Dagvinna .....	424.407.723	373.697.092
Yfirvinna og einingalaun .....	82.277.360	62.366.775
Önnur laun og starfstengdar greiðslur .....	4.909.261	4.732.922
Áfallið orlof, breyting .....	( 1.843.946)	0
Launatengd gjöld .....	<u>112.381.213</u>	<u>98.874.905</u>
	<u>622.131.611</u>	<u>539.671.694</u>

## Skýringar

### 3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Undir þennan lið fellur kostnaður sem tengdur er skrifstofuhaldi stofnunarinnar. Í heild nam kostnaðurinn 11,6 m.kr. og hækkaði frá fyrra ári um 0,8 m.kr. eða 7,7%. Kostnaður vegna síma- og netgjalda hækkaði um 0,9 m.kr., gjöld vegna útgáfustarfsemi hækkuðu um 0,6 m.kr. og afnotagjöld um 0,5 m.kr. Kostnaður vegna almennra skrifstofuvara lækkaði um 0,1 m.kr. Gjafir lækkuðu um 1,0 m.kr.

	2017	2016
Tímari, blöð og bækur .....	666.439	625.497
Auglýsingar og kynningar .....	805.776	878.591
Símagjöld .....	2.332.845	1.480.985
Burðargjöld .....	333.770	309.277
Útgáfustarfsemi .....	1.307.077	755.525
Afnotagjöld .....	5.223.580	4.703.064
Skrifstofuvörur .....	651.182	760.894
Gjafir .....	269.360	1.243.070
	<u>11.590.029</u>	<u>10.756.903</u>

### 4. Funda- og ferðakostnaður

Á árinu 2017 nam kostnaðurinn 10,5 m.kr. og hækkaði um 3,6 m.kr. eða 52,8%. Hefðbundin ferðalög til útlanda voru svipuð og verið hefur. Hins vegar varð nokkur lækkun í kostnaði innlendra ferða eða 0,1 m.kr. Ferðalög vegna norræns samstarfs eru uppistaðan í erlendum ferðum og kostnaði vegna þeirra. Tveir starfsmenn sóttu ráðstefnuna Young EUROSAI í Tallin. Umtalsverð hækkan varð á kostnaði vegna námskeiðshalds eða 0,8 m.kr. Risna varð meira en áður og hækkaði kostnaður um 2,1 m.kr. Þá hækkaði kostnaður við akstur um 0,2 m.kr.

Ferða- og dvalarkostnaður innanlands .....	214.240	345.487
Ferða- og dvalarkostnaður erlendis .....	2.692.833	2.651.758
Funda- og ráðstefnugjöld .....	648.396	316.896
Námskeiðsgjöld .....	1.327.671	498.050
Félagsgjöld .....	1.341.749	1.120.776
Risna .....	3.015.383	914.961
Akstur .....	1.213.595	992.604
	<u>10.453.867</u>	<u>6.840.532</u>

### 5. Aðkeypt sérfræðipjónusta

Í heild nam kostnaður við aðkeypta sérfræðipjónustu 23,6 m.kr. og hækkaði milli ára um 9,9 m.kr. eða 71,5%. Á árinu 2017 nam kostnaður við kaup á þjónustu endurskoðenda 20,1 m.kr. þar af voru 7,5 m.kr. vegna endurskoðunar A-hluta stofnana en voru 8,2 m.kr. árið 2016. Keypt var endurskoðunarþjónusta vegna endurskoðunar Lindarhvals ehf. en sá kostnaður var endurkrafinn frá félaginu. Í lok ársins voru í gildi samningar við 4 endurskoðunarfyrirtæki um endurskoðun hjá 4 A-hluta ríkisstofnunum. Kostnaður vegna tölvu- og kerfisfræðipjónustu lækkaði um 0,6 m.kr. en önnur sérfræðipjónusta hækkaði um 0,3 m.kr.

Tölvu- og kerfisfræðipjónusta .....	1.647.349	2.269.895
Önnur sérfræðipjónusta .....	1.865.886	1.544.993
Endurskoðunarþjónusta .....	<u>20.124.438</u>	<u>9.967.501</u>
	<u>23.637.673</u>	<u>13.782.389</u>

## Skýringar

### 6. Rekstur tækja og áhaldna

Undir þennan lið fellur rekstur á ljósritunarmálum, tölvum og öðrum skrifstofubúnaði. Á árinu hækkaði kostnaður vegna þessa liðar um 0,8 m.kr. eða 84,8%. Meginskýringin er hækkun vegna kaupa á smærri áhöldum og tækjum og viðgerðakostnaðar.

	2017	2016
Smátæki og áhöld .....	1.049.322	554.585
Viðgerðir og viðhald .....	400.056	121.623
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	28.697	16.851
Leigugjöld tækja og áhaldna .....	310.000	274.775
	<u>1.788.075</u>	<u>967.834</u>

### 7. Annar rekstrarkostnaður

Þessi liður nær til annars rekstrarkostnaðar og nam hann 6,5 m.kr. Kostnaðurinn lækkaði um 0,1 m.kr. eða 1,2%. Lækkun kostnaðar við rekstur mótuneytis milli ára nam um 0,3 m.kr. og kostnaður við kaup á rekstrarvörum lækkaði um 0,2 m.,kr. Ýmis þjónustugjöld hækkuðu um 0,1 m.kr. og opinber gjöld hækkuðu um 0,3 m.kr.

Máltíðir .....	4.242.877	4.518.914
Rekstrarvörur .....	511.616	695.155
Ýmis þjónustugjöld .....	172.694	72.069
Opinber gjöld, tryggingar og tapaðar kröfur .....	1.596.264	1.319.882
	<u>6.523.451</u>	<u>6.606.020</u>

### 8. Húsnæðiskostnaður

Stofnunin er með aðsetur að Bríetartúni 7 og hefur allt húsið fyrir starfsemi sína. Húsnæðið er í eigu ríkissjóðs og greiðir stofnunin húsaleigu fyrir afnotin. Í heild nam kostnaðurinn 31,5 m.kr. og jókst um 0,2 m.kr. eða 0,7%.

Leigugjöld .....	23.717.232	23.464.512
Orka .....	1.934.749	1.987.895
Viðhald fasteigna .....	3.680	14.479
Búnaður til innréttinga .....	15.950	0
Þrif og sorphirða .....	5.628.365	5.558.027
Annar húsnæðiskostnaður .....	209.426	264.139
	<u>31.509.402</u>	<u>31.289.052</u>

### 9. Bifreiðakostnaður

Stofnunin á eina bifreið af gerðinni Hyundai Santa Fe árgerð 2016.

Bensín og olía .....	122.501	144.545
Opinber gjöld og tryggingar .....	84.659	120.890
Viðgerðir og viðhald .....	210.369	491.698
Rekstrarvörur og þjónusta .....	82.083	22.650
	<u>499.612</u>	<u>779.783</u>



## Skýringar

### 10 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2017	2016
Vaxtatekjur .....	0	3.181
Vaxtagjöld .....	( 56.103)	( 24.709)
Önnur fjármagnsgjöld .....	( 3.490)	0
	<u>( 59.593)</u>	<u>( 21.528)</u>

### 11. Varanlegir rekstrarfjármunir

Fjárfesting á árinu er í meginþáttum af tvennum toga. Annars vegar er endurnýjun tölvubúnaðar og ljósrítunarvélar. Hins vegar er framhald endurnýjunar á skrifborðum með kaupum á rafdrifnum hækkanlegum skrifborðum.

	Tölvu- og skrifstofubúnaður	Húsgögn	Bifreið	Listaverk	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>					
1. janúar .....	14.714.432	7.685.377	7.533.749	3.494.344	33.427.902
Fjárfesting ársins .....	3.448.316	2.198.266	0	0	5.646.582
	<u>18.162.748</u>	<u>9.883.643</u>	<u>7.533.749</u>	<u>3.494.344</u>	<u>39.074.484</u>
<b>Afskriftir</b>					0
1. janúar .....	6.539.284	3.242.194	470.859	0	10.252.337
Afskrifað á árinu .....	3.682.376	933.063	941.718	0	5.557.157
	<u>10.221.660</u>	<u>4.175.257</u>	<u>1.412.577</u>	<u>0</u>	<u>15.809.494</u>
<b>Bókfært verð í upphafi árs ...</b>	8.175.148	4.443.183	7.062.890	3.494.344	23.175.565
<b>Bókfært verð í lok árs .....</b>	7.941.088	5.708.386	6.121.172	3.494.344	23.264.990
<b>Afskriftarhlutföll</b>	15-20%	10%	20%	0%	

### 12. Kröfur á tengda aðila

Vegna breyttra reikningskilareglna þarf að upplýsa um tengda aðila sem Ríkisendurskoðun hefur viðskipti við. Með tengdum aðilum er átt við ríkissjóð og ríkisaðila í A- og B-hluta.

Ríkissjóður .....	61.183.038	48.201.871
Ríkisaðilar í A-hluta .....	1.197.900	586.050
Ríkisaðilar í B-hluta .....	4.618.100	0
	<u>66.999.038</u>	<u>48.787.921</u>

### 13. Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga

Fjárýsla ríkisins og fjármála- og efnahagsráðuneytið hafa ákveðið að framlag til fjárfestinga skuli fært til skuldar en jafnhá fjárhæð afskrifta tekjufærð með mótfærslu á þennan reikning.

Frestað framlag til fjárfestinga 1. janúar 2017 .....	23.175.565
Fjárfesting á árinu, mótfærsla .....	5.646.582
Framlag til afskrifta, mótfærsla .....	( 5.557.157)
	<u>23.264.990</u>

## Skýringar

### 14. Orlofsskuldbinding

Orlofsskuldbinding var færð til bókar í fyrsta skipti þann 1. janúar 2017. Á árinu 2017 eru færðar breytingar á stöðu skuldbindingarinnar.

Orlofsskuldbinding 1. janúar 2017 .....	61.446.822
Breyting á árinu .....	( 1.843.946 )
	<u>59.602.876</u>

### 15. Skuldir við tengda aðila

Vegna breyttra reikningskilareglna þarf að upplýsa um tengda aðila sem Ríkisendurskoðun hefur viðskipti við. Með tengdum aðilum er átt við ríkissjóð og ríkisaðila í A- og B-hluta.

Ríkisaðilar í A-hluta .....	370.548	219.375
	<u>370.548</u>	<u>219.375</u>

### 16. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hennar gagnvart fjárveitingum. Í lok ársins 2017 sýnir höfuðstóll stofnunarinnar ónotaða fjárveitingu að fjárhæð 14,9 m.kr. og hafði hún lækkað um 32,1 m.kr. frá árinu á undan.

<i>Höfuðstóll</i>	
Höfuðstóll 1. janúar 2017 .....	47.007.258
Lokafjárlög 2016 .....	( 2.466.251 )
Uppfærsla orlofsskuldbindingar 1. janúar 2017 .....	( 61.446.822 )
Tekjuafgangur fyrir ríkisframlag .....	( 613.754.781 )
Ríkisframlag .....	645.700.000
Fjárfestingaheimild færð á frestaðar tekjur vegna fjárfestinga .....	( 5.646.582 )
Fjárfestingaframlag ríkissjóðs .....	5.557.157
Höfuðstóll 31. desember 2017 .....	<u>14.949.979</u>

### 17. Höfuðstólsleiðrétting vegna orlofsskuldbindingar.

Samkvæmt fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytis hefur Fjársýsla ríkisins fært í bókhaldi Ríkisendurskoðunar færslu á höfuðstól og ríkissjóð sem tekur til baka neikvæð eiginfjárhæfir af innfærslu orlofsskuldbindingar í stofnefnahagsreikning. Ráðuneytið mun leita eftir heimild þingsins fyrir breytingu á höfuðstól í frumvarpi til staðfestingar ríkisreiknings 2017. Ríkisendurskoðandi hefur gert athugasemd við þessa færslu þar sem hún byggir ekki á reikningskilaaðferðum sem nota á við uppgjör ríkisaðila í A-hluta og ekki er heimild til að leiðrétta tilgreind áhrif orlofsskuldbindingar í því frumvarpi. Ríkisendurskoðandi lítur svo á að lög um staðfestingu ríkisreiknings feli ekki í sér heimild til að auka við fjárheimildir og fjárveitingar til einstakrara ríkisaðila. Af þessum ástæðum hefur ríkisendurskoðandi ekki tekið tillit til hennar í þessum ársreikningi.

## 18. Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með talið fjárfestingar, og leggur ríkisaðilum í A-hluta til fjárfestingaframlag til öflunar varanlegra rekstrarfjármuna. Fyrir innleiðingu á LOF var í eldra reikningsskilakerfi samræmi á milli framlaga og gjaldfærslu fjárfestingaeigna. Með nýjum reikningsskilareglum sem byggja á rekstrargrunni hefur reglum um eignfræslu rekstrarfjármuna ekki verið breytt með samsvarandi hætti í fjárlagakerfinu. Í fjárlagakerfinu eru framlög til fjárfestinga talin til útgjalda en reikningshaldslega ber að meðhöndla þau sem fjármögnun á fjárfestingum. Á grundvelli framsetningar í fjárlögum hefur Fjársýsla ríkisins ákveðið að fara skuli með fjárfestingaframlög sem fyrirfram greidd framlög til A-hluta ríkisaðila. Samkvæmt þeirri ákvörðun skal reikningshaldsleg meðhöndlun og framsetning í reikningsskílum A-hluta ríkisaðila vera með þeim hætti að við greiðslu færast þau til skuldar sem fyrirframgreiddar tekjur en árleg tekjufærsla í rekstrarreikningi verði til jafns við afskriftir. Á grundvelli þessarar færsluáðferðar hefur Fjársýsla ríkisins ákveðið að mótfærsla við áður gjaldfærðar eignir verði skuldfærsla sem skilgreind er sem frestaðar tekjur vegna fjárfestinga. Skuldin lækki síðan árlega með tekjufærslu yfir rekstrarreikning á notkunartíma eignanna, til jafns við afskriftir, eða falla niður við sölu þeirra nema söluandvirði verði notað til endurfjárfestinga.

Ríkisendurskoðun hefur í viðræðum við Fjársýslu ríkisins um eignfærslu áður gjaldfærðra eigna, lagt til að hreint verðmæti þeirra færst til aukningar á eigin fé og verði haldið þar aðgreindu á sérstöðum reikningi meðal eigin fjár yfir fengin fjárfestingaframlög. Árlega verði síðan gerð færsla til jafns við afskriftir á milli þessa sérstaka reiknings yfir áður fengin fjárfestingaframlög og höfuðstóls þannig að fjárhæð reiknings yfir fengin fjárfestingaframlög lækki samsvarandi og lækkun bókfærðs verðs varanlegra rekstrarfjármuna.

### Kennitölur

Stofnunin hefur á liðnum árum notað ýmsa árangursmælikvarða í rekstri. Slíkir mælikvarðar geta breyst í áruna rás. Hjá stjórnsluendurskoðun er miðað við fjölda birtra úttekta á viðkomandi ári. Stofnunin hefur á síðustu árum fallið frá því að birta fjölda áritaðra ársreikninga og útgefina endurskoðunarbréfa og greinir í þess stað frá fjölda endurskoðunarverkefna sem unnin eru af starfsmönnum hennar og einnig af endurskoðunarfyrtækjum í umboði hennar skv. samningum þar um.

	2017	2016	2015	2014	2013
<b>Verkefnavísar</b>					
Endurskoðunarverkefni .....	138	180	189	193	211
Stjórnsluúttektir .....	30	29	29	30	27
Aðrar skýrslur og rit .....	6	7	7	10	14

## Skýringar

### Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2017	2018	2019	2020	2021
<b>Rekstur</b>					
Rekstrartekjur .....	99.996	60.122	44.559	42.797	47.817
Rekstrargjöld .....	( 713.750)	( 610.719)	( 527.875)	( 498.078)	( 469.104)
Stofnkostnaður .....	0	( 15.061)	( 5.392)	( 3.137)	( 3.223)
Tekjuafgangur .....	( 613.755)	( 565.657)	( 488.707)	( 458.418)	( 424.510)
Ríkisframlag .....	645.611	578.200	499.500	445.500	454.100
Tekjuafgangur ársins	<u>31.856</u>	<u>12.543</u>	<u>10.793</u>	<u>( 12.918)</u>	<u>29.590</u>
<b>Efnahagur</b>					
Fastafjármunir .....	23.265	0	0	0	0
Veltufjármunir .....	86.948	55.073	41.676	28.667	41.146
Eignir alls	<u>110.213</u>	<u>55.073</u>	<u>41.676</u>	<u>28.667</u>	<u>41.146</u>
<b>Skuldbindingar</b>					
Höfuðstóll .....	14.950	47.007	34.465	23.672	36.590
Skuldbindingar .....	23.265	0	0	0	0
Skammtímaskuldir .....	71.998	8.065	7.211	4.995	4.556
Eigið fé og skuldir alls	<u>110.213</u>	<u>55.073</u>	<u>41.676</u>	<u>28.667</u>	<u>41.146</u>

### Fimm ára yfirlit um skuldbindandi samninga í þúsundum króna:

Húsaleigusamningur .....	23.717	23.717	23.717	23.717	23.717
Aðstöðuleiga .....	360	360	360	360	360
Endurskoðunarsamningar .....	900	900	900	900	900



Ríkisendurskoðun  
Bríetartúni 7– 105 Reykjavík  
Sími 569-7100  
[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)